

Kópavogsbær
b.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

skipulag@kopavogur.is

Reykjavík, 14. október 2022

Athugasemdir við málsmeðferð og tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ

Til LOGOS lögmannsþjónustu hafa leitað eigendur jarðarinnar Gunnarshólma, Gunnar Haraldsson og Jóna Margrét Kristinsdóttir, vegna málsmeðferðar og tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ, einkum þess hluta er nær frá Fossvöllum að Hólmsá.

Tillagan var auglýst 27. ágúst sl. og kynningartími auglýstur frá þeim tíma til 14. október.

Með bréfi þessu eru í fyrsta lagi gerðar athugasemdir við þá annmarka sem hafa verið á meðferð málsins við kynningu á tillögunni. Er hér með farið þess á leit að skipulagsnefnd framlengi auglýstan frest, að tillagan verði uppfærð og lagfærð í samræmi við þær breytingar sem á henni hafa orðið á kynningartímanum þannig að skýrt sé eftir hvaða tillögu er verið að vinna og hún síðan auglýst aftur eða núverandi frestur framlengdur.

Tilgangur auglýsingar á þessi stigi skipulagsferilsins hefur það að markmiði, í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á umhverfisrétti síðustu ár, að rýmka möguleika almennings á að taka þátt í undirbúningi ákvarðana og koma á framfæri athugasemdum við hana á meðan á málsmeðferð stendur, sbr. c- og d-lið 1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýðræðisleg þátttaka almennings í slíkri ákvarðanatöku, sem hefur áhrif á umhverfi og náttúruauðlindir og oft á tíðum mikilsverða hagsmuni fólks, er mikilvægur þáttur í skipulagsferlinu. Þá er slíkt samráð almennt til þess fallið að upplýsa mál með betri hætti og þar með auðvelda stjórnvöldum að rannsaka með fullnægjandi hætti þá þætti sem skipta máli við ákvörðunartökuna, í samræmi við þá rannsóknarskyldu sem hvílir á stjórnvöldum áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Að sama skapi er það hlutverk stjórnvalda í samskiptum við borgarana að gæta að samskiptum í þessu samráðsferli, í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og þannig stuðla að meiri sátt um ákvarðanir og auka líkurnar á þær séu byggðar á fullnægjandi grundvelli.

Umbjóðendur okkar hafa gert athugasemdir bæði við form og efni þeirrar tillögu sem liggur fyrir að deiliskipulaginu á fyrri stigum þessa máls. Ljóst er að þeir annmarkar sem hafa verið á málsmeðferð á kynningarstigi eru þess eðlis að ekki er forsvaranlegt af hálfu sveitarfélagsins að bæta ekki úr þeim annmörkum á þessu stigi, áður en lengra er haldið,

og til að umbjóðendur okkar og þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti raunverulega nýtt þann rétt sinn að koma að athugasemdum, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eins og umbjóðendur okkar hafa bent á þá hafa verið verulegir annmarkar á kynningu á því hvaða gögn liggi til grundvallar deiliskipulagstillögunni. Þannig hefur verulegt misræmi verið í þeim gögnum sem Kópavogsbær og Vegagerðin hafa kynnt og varðar vegtengingu við svokallaðan Heiðmerkurveg. Því til stuðnings má benda á eftirfarandi atriði:

- Á bls. 14 í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að keyrt verði beint inn á Suðurlandsveginn frá Heiðmerkurveginum. Á fundi 21. september sl. var tölvuteikning til sýnis sem sýndi annars konar útfærslu, sem víkur að verulegu leyti frá þeirri tillögu sem fram kemur í deiliskipulagstillögunni sem lögð hafði verið fram. Samkvæmt umbjóðendum okkar hafa þau svör fengist að tölvuteikningin hafi verið röng og að útfærslan í deiliskipulagstillögunni sé sú sem miða á við. Óljóst er hvort allir þeir sem voru á fundinum hafi fengið sömu upplýsingar.
- Aftur á móti hafa önnur svör fengist frá Vegagerðinni. Þannig fengust svör frá Gísla Gíslasyni, verkefnastjóra Vegagerðarinnar, um framkvæmdina þar sem sett var fram þriðja útfærslan á umræddri vegtengingu. Á þeirri teikningu er tengingin minni að umfangi en tölvuteiknaða útfærslan en þó meiri að umfangi en deiliskipulagstillagan.
- Lögmaður Vegagerðarinnar, Karen Björnsdóttir, sendi umbjóðendum okkar síðan tölvupóst 12. október 2022 með uppfærðri tillögu. Þar kom fram að breytingar hefðu verið gerðar á teikningum og nauðsynlegt væri að taka meira land undir veg vegna spildu milli ca. st. 1850 og 8450. Vegagerðin telur að um sé að ræða 329 fermetra af landi til viðbótar við það sem hefur áður verið kynnt.
- Í þessu sambandi vísast nánar til bréfs umbjóðanda okkar og athugasemda og gagna sem hafa jafnframt verið sendar sveitarfélaginu af þessu tilefni.

Kópavogsbær hefur þegar hafnað beiðni umbjóðenda okkar um frekari frest, sbr. svar bæjarins frá 12. október sl.

Þessu til stuðnings má benda á að umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað á síðustu árum gert athugasemdir við skipulagsmál sveitarfélaga. Þau mál urðu m.a. til þess að hann sendi Skipulagsstofnun bréf 22. desember 2020, í máli nr. F96/2020, þar sem hann benti á málsmeðferð sveitarfélaga hafi ekki alltaf verið í nægjanlegu samræmi við réttarþróun og markmið skipulagslaga. Sveitarfélög verði að haga undirbúningi skipulagsbreytinga og leyfisveitinga þannig að bæði almenningur og þeir sem hafi hagsmuna að gæta hafi möguleika á að fylgjast með framgangi slíkra mála og gera athugasemdir. Þannig þyrfti málsmeðferð, þar með talið kynning, við leyfi til framkvæmda og bygginga sem veitt væru á grundvelli skipulags að taka mið af því að þeir sem málið kynni að varða gætu í heild áttað sig á því hvað fælist í umræddri framkvæmd. Benti hann jafnframt á að að þegar á skorti að þessu leyti gæti dregið úr trausti til stjórnýslu sveitarfélaga. Sjá frétt á heimasíðu umboðsmanns Alþingis, 8. janúar 2021, þar sem fjallað er um framangreinda athugun.

Í ljósi þess hversu umfangsmiklar breytingar er um að ræða á kynningartímanum, hversu miklir hagsmunir eru undir fyrir umbjóðendur okkar og fleiri aðila, og hversu mikil óvissa er til staðar um hvað fælist í reynd í því deiliskipulagi sem nú er til skoðunar eru ítrekaðar óskir um að sveitarfélagið veiti skýrari upplýsingar um tillöguna, upplýsi almenning um

hvaða tillaga og gögn liggi til grundvallar í samræmi við leiðbeiningarskyldu sína, og framlengi síðan frestinn til að gera athugasemdir eða auglýsi tillöguna upp á nýtt með nýjum fresti. Slíkt væri ekki eingöngu í betra samræmi við þær skyldur sem á því hvíla samkvæmt skipulagslögum heldur einnig reglur stjórnsýsluréttar, m.a. um rannsókn og leiðbeiningarskyldu.

Í öðru lagi vilja umbjóðendur okkar árétta allar fyrri athugasemdir og röksemdir sem þeir hafa komið á framfæri við meðferð málsins. Umbjóðendur okkar hafa frá þeim var fyrst kunnugt um fyrirhugaða tvöföldun Suðurlandsvegar gert athugasemdir við áformin og komið þeim á framfæri við Skipulagsstofnun, Vegagerðina og Kópavogsbæ. Eins og áður hefur komið fram munu umbjóðendur okkar samhliða þessu bréfi jafnframt senda sveitarfélaginu bréf af þessu tilefni þar sem athugasemdum þeirra er komið á framfæri og vísast að öðru leyti til þeirra svara og gagna.

Mikilvægt er að lagt sé mat á þau atriði sem umbjóðendur okkar hafa komið á framfæri við undirbúning ákvarðana og val á leiðum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt sem og að málsmeðferð sveitarfélagsins beri þess merki að þær athugasemdir sem komið er að hafi fengið fullnægjandi skoðun. Það er bæði í samræmi við þær skyldur sveitarfélagsins að upplýsa málið og hafa virkt samráð við hagsmunaaðila á málsmeðferðartímanum. Í þeim efnum er lögð sérstök áhersla á að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar með deiliskipulaginu hafa veruleg áhrif á hagsmuni umbjóðenda okkar. Við meðferð málsins hafa þeir t.d. bent á leiðir sem eru færar til að ná sömu markmiðum og stefnt er að með skipulaginu, m.a. þar sem hægt væri að taka óræktað land í stað ræktað lands undir vegi, og þar með rýra minna það land sem er tekið undir framkvæmdir. Mikilvægt er að sveitarfélagið leggi raunverulegt mat á þá kosti sem eru minna íþyngjandi fyrir umbjóðendur okkar og velji þær leiðir sem eru minnst íþyngjandi fyrir þá í samræmi við meðalhófssjónarmið, frekar en halda sig við fyrri áætlanir sem skerða verulega verðmæti þess lands sem er undir, og um leið bæði hagsmuni sveitarfélagsins, með framtíðarþróun í huga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið óska umbjóðendur okkar eftir því að sveitarfélagið skýri nánar hvað felist í umræddri deiliskipulagstillögu, og taki þannig af þann vafa sem hefur verið til staðar á kynningartímanum, í ljósi mismunandi svara stjórnvalda, auglýsi tillöguna aftur eða framlengi þann frest sem var auglýstur til 14. október. Þá eru áréttaðar fyrri athugasemdir við tillöguna og að öðru leyti vísað til bréfs umbjóðenda okkar, sem jafnframt verður sent sveitarfélaginu af þessu tilefni.

Virðingarfyllst,

LOGOS lögmannsþjónusta



Maren Albertsdóttir lögfræðingur

f.h. Benedikts Egils Árnasonar lögmanns

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Auður Elísabetardóttir <auduryrtattoo@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 09:58
To: Skipulag
Subject: Athugasemd

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

Virðingarfyllt,
Auður Ýr Elísabetardóttir
Marínó Sigurðsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Becky Forsythe <beeforsythe@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 08:31
To: Skipulag
Subject: Athugasemd um breikkunina á Suðurlandsvegi

Góðan daginn,

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekkku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann og aðilar sem hafa ekið leiðina daglega yfir styttri og lengri tímabil lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekkku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustuaðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum. Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrir en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

Virðingarfyllt,

Becky Elizabeth Forsythe
Teitur Björgvinsson

--

Becky Elizabeth Forsythe

Curator

(she/her) / + 354 865 6978

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Claudia Breitsprecher <claudia.breitsprecher@gmx.de>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 11:08
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir

Athugasemdir og ábendingar vegaframkvæmdir á Suðurlandvegi við Fossvelli og Lögbrekku.

Sem íbúi í Lækjarbotnalandi 53 hef ég meðfylgjandi athugasemdir við hliðarveginn sem verið er að gera fyrir skól, leikskóla og íbúa í Lækjarbotnum sem tengingu út á Suðurlandsvegg.

- Snjómokstur á vegkafla, aukavegi kring um Tröllabörn. Það er ekki fyrirséð hver taki að sér að halda veginum opnum og hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafla fái forgang í snjóruðningi eins og vegir að öðrum skólum landsins. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað enda hefur ekki verið leita til skólans með okkar vitneskju þar að leitandi.

Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut Suðurlandsvegar og því má gera ráð fyrir mikilli snjósöfnum yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.

- Almennings samgöngur

Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum fyrir strætisvagna sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerðis og Selfoss.

- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikudaginn [21.sept](#) sl. kom skýrt fram frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólastíð við reiðstíg vegna öryggis allra.

- Engin gögnu- og hjólastígur á skipulaginu.

Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóla saman í skólann á skólasetningu og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafla hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oftar, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Í stefnu umhverfissviðs Kópavogs kemur skýrt fram að uppbygging gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningssamgagna séuð hafðir að leiðarljósi U.2.2 Það er ekki að sjá að það hafi og sé gert ráð fyrir að uppfylla það á þessum vegi sem umræðir, hvort heldur er vegurinn í kring um Tröllabörn eða suðurlandsvegurinn sjálfur.

- Það kom einnig skýrt fram á áður nefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls, auk þess kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við, sem þvera þyrfti svo þjóðveginn, vegna stærðar ökutækisins, í hinum ýmsu veðrum sem ekki getur talist ákjósanlegt þar sem bilur er oft dimmari en neðan við Lögborgsbrekku.

- Foreldrum finnst einnig mikið óöryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggjara til að komast til Reykjavíkur.

Kær kveðju
Claudia Breitsprecher

--

Diese Nachricht wurde von meinem Android Mobiltelefon mit GMX Mail gesendet.

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Dagný Ísleifs <dagnyhi@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 11:56
To: Skipulag
Cc: bondinn007@hotmail.com
Subject: Lögbergsbrekka/Waldorfskólinn

Við undirrituð biðjum um staðfestingu á móttöku þessa erindis og að það verði fært til bókar.

Við sem foreldrar barna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum, lýsum yfir áhyggjum okkar á vegaframkvæmdum og deiliskipulagi við Lögbergsbrekku.

Okkar börn koma frá báðum áttum við Waldorfskólann, allt eftir því hjá hvoru okkar börnin eru, þar sem við foreldrarnir búum sitthvorumegin við Hellisheiðina.

Óvissa ríkir með skilgreiningu vegarkaflans sem liggur í kring um Tröllabörn. Við sjáum ekki að það sé fyrirséð hver taki það að sér að þjónusta veginn og beri ábyrgð á snjómokstri. Á Íslandi ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum. Það er því með öllu ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta skuli ekki vera komið á hreint!

Það kom skýrt fram á opnum kynningarfundi að verði nýji hliðarvegurinn við Tröllabörn ófær verði hægt að keyra upp Bláfjalla afleggjara og snúa þar. Það þyrfti því að gera þar plan sem 70 manna rúta getur snúið við í væntanlegri ófærð og vonsku veðri.

Sem aðilar sem keyrt hafa Hellisheiðina daglega yfir vetrartímann síðan 2018 vitum við vel að veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekku. Fyrir utan þann auka tíma sem það tekur börnin að komast í skólann og auka kostnaðar fyrir skólann í aðkeyptri akstursþjónustu. Þetta er því um 100 barna skólasamfélagi óboðlegt!

Ekki virðist vera unnið að stefnu umhverfissviðs Kópavogs þar sem kemur skýrt fram að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningssamgangna séu hafðir að leiðarljósi.

Einungis er gert ráð fyrir reiðstíg í skipulaginu og undirgöng fyrir reiðfólk. Það má þó búast við að gangandi og hjólandi vegfarendur, hvort sem það er á vegum skólans, útivistarfólk, hundaeigendur og eða ferðamenn muni nýta sér reiðstígana á meðan ekkert annað sé í boði.

Ekki er gert ráð fyrir almenningssamgöngum á svæðinu þó að um sé að ræða hátt í 150 manna skólasamfélag með umhverfisstefnu að leiðarljósi. Teljum við það vanhugsað af hálfu þeirra er sitja að skipulagningu svæðisins.

Mikið óöryggi fylgir sjúkraflutningum ef hliðarvegurinn er lokaður því þá lengist leið sjúkraflutningaaðila um 10-12 km uppeftir og svo aðra 10-12 km til baka til Reykjavíkur. Þetta eru margar mínútur þegar mikið liggur við!

Okkur langar einnig að benda Kópavogsbæ á þá staðreynd að þó að við foreldrarnir kjósum að börnin okkar fái að njóta menntunar innan waldorfstefnunar og náttúrunnar í Lækjarbotnum þá eru þau ekki minna virði enn önnur börn sem sækja skóla innan Kópavogsbæjar.

Virðingarfyllst,

Dagný Helga Ísleifsdóttir
Páll Finnbogason

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
skipulag@kopavogur.is

14. október 2022

Efni: Athugasemdir eigenda Elliðakots vegna deiliskipulags sem nefnt hefur verið „Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Hólmsá“.

Bréf þetta er ritað fyrir hönd umbjóðenda minna, eigenda Elliðakots, Auðar Gunnarsdóttur, kt. 220131-2629, Eddu Gunnarsdóttur, kt. 291233-5039, Elísabetar Gunnarsdóttur, kt. 021076-4499, Guðbjargar Daníelsdóttur kt. 240168-3019, Gyðu Gunnarsdóttur, kt. 020776-5879, Heiðrúnar Helgu Snæbjörnsdóttur, kt. 271271-3019, Jakobs Más Jónssonar, kt. 090891-2009, Jóns Gunnars Sigurðssonar, kt. 110455-7049, Kristjáns Þórs Matthíassonar, kt. 051280-3509, Kristjáns Snæbjörnssonar, kt. 240182-7189, Lilju Sigurðardóttur, kt. 280349-4539 og Sólveigar Lilju Snæbjörnsdóttur kt. 250879-6019 (hér eftir sameiginlega nefnd „umbj. mínir“).

Umbj. mínir gera eftifarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Hólmsá („deiliskipulagstillagan“).

1. Hljóð-, sjón- og loftmengun.

Veghljóð og önnur mengun frá Suðurlandsvegi mun aukast verulega sér í lagi fyrir þær lóðir Elliðakots sem eru næst Suðurlandsveginum. Þó svo að Elliðkot eigi ekki land að Suðurlandsveginu á þessum kafla þá standa syðstu lóðirnar mjög nálægt Suðurlandsveginum og í dag er mikill umferðarniður á svæðinu. Með því að færa veginn til norðurs mun hljóð-, sjón- og loftmengun aukast til muna. Mun framkvæmdin koma til með að skerða gæði landsins mikið og munu áhrifin ekki koma fyllilega í ljós fyrr en framkvæmdum er lokið. Margir leiguliðar eru á svæðinu og ber að hafa hag þeirra að leiðarljósi jafnvel þó að Elliðkot sé staðsett í sveitarfélaginu Mosfellsbæ.

Ekki er gert ráð í deiliskipulagstillögunni að reisa á hljóðmön til að takmarka megi mengun sem hlýst af stækkun þjóðvegarins. Þar sem verið er að takmarka gæði Elliðakots fara umbj. mínir fram á að reist verði hljóðmön í framhaldi af fyrirætlaðri hljóðmön við Gunnarshólma þannig hún nái að fyrirhugðum Geirlandsvegamótum. Farið er fram á að hljóðmönin verði nægilega há til þess að hún verji svæðið með sem bestum hætti fyrir þjóðveginum.

2. Geirlandsvegamót

Umbj. mínir gera athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu svokallaðra Geirlandsvegamóta. Þeir hafa farið þess á leit við Kópavogsbær skoði að færa gatnamótin nær heimreiðinni að Elliðakoti til að lengja leiðina til Reykjavíkur ekki meira en nauðsyn krefur. Miðað við þær áætlanir sem uppi eru er gert ráð fyrir að gatnamótin verði staðsett við núverandi heimreið að Geirlandi sem er u.þ.b. 600 metrum austar en núverandi tenging við Elliðkot. Gangi þetta eftir lengist sú vegalengd sem umbj. mínir þurfa að aka til að komast til Reykjavíkur um a.m.k. 1,2 km.


Umbj. mínir hafa einnig miklar áhyggjur hvernig nýr hliðarvegur verður þjónustaður en í svörum frá Vegagerðinni hefur komið fram að það sé alfarið á höndum sveitarfélagsins að þjónusta hliðarveg sem þennan. Það er mikið hagsmunamál að umferðaröryggi og aðgengi að landi Elliðakots verði tryggt allan ársins hring.

Hér með er farið fram að staðsetning Geirlandsvegamótanna verði færð nær Elliðakotsafleggjaranum og tryggt verði að nýr hliðarvegur verði þjónustaður með fullnægjandi hætti allan ársins hring.

--

Áskilinn er réttur til framlagningu frekari gagna, rökstuðnings og andsvara á síðari stigum gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,
f.h. landeigenda Elliðakots



Friðleifur Egill Guðmundsson, lögmaður.

fridleifur@fglegal.is S: 661 4585

Kópavogsbær
b.t. skipulagsdeildar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

skipulag@kopavogur.is

Reykjavík, 14. október 2022

Athugasemdir við málsmeðferð og tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ

Til LOGOS lögmannspjónustu hafa leitað eigendur jarðarinnar Gunnarshólma, Gunnar Haraldsson og Jóna Margrét Kristinsdóttir, vegna málsmeðferðar og tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ, einkum þess hluta er nær frá Fossvöllum að Hólmsá.

Tillagan var auglýst 27. ágúst sl. og kynningartími auglýstur frá þeim tíma til 14. október.

Með bréfi þessu eru í fyrsta lagi gerðar athugasemdir við þá annmarka sem hafa verið á meðferð málsins við kynningu á tillögunni. Er hér með farið þess á leit að skipulagsnefnd framlengi auglýstan frest, að tillagan verði uppfærð og lagfærð í samræmi við þær breytingar sem á henni hafa orðið á kynningartímanum þannig að skýrt sé eftir hvaða tillögu er verið að vinna og hún síðan auglýst aftur eða núverandi frestur framlengdur.

Tilgangur auglýsingar á þessu stigi skipulagsferilsins hefur það að markmiði, í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á umhverfisrétti síðustu ár, að rýmka möguleika almennings á að taka þátt í undirbúningi ákvarðana og koma á framfæri athugasemdum við hana á meðan á málsmeðferð stendur, sbr. c- og d-lið 1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýðræðisleg þátttaka almennings í slíkri ákvarðanatöku, sem hefur áhrif á umhverfi og náttúruauðlindir og oft á tíðum mikilsverða hagsmuni fólks, er mikilvægur þáttur í skipulagsferlinu. Þá er slíkt samráð almennt til þess fallið að upplýsa mál með betri hætti og þar með auðvelda stjórnvöldum að rannsaka með fullnægjandi hætti þá þætti sem skipta máli við ákvörðunartökuna, í samræmi við þá rannsóknarskyldu sem hvílir á stjórnvöldum áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Að sama skapi er það hlutverk stjórnvalda í samskiptum við borgarana að gæta að samskiptum í þessu samráðsferli, í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og þannig stuðla að meiri sátt um ákvarðanir og auka líkurnar á þær séu byggðar á fullnægjandi grundvelli.

Umbjóðendur okkar hafa gert athugasemdir bæði við form og efni þeirrar tillögu sem liggur fyrir að deiliskipulaginu á fyrri stigum þessa máls. Ljóst er að þeir annmarkar sem hafa verið á málsmeðferð á kynningarstigi eru þess eðlis að ekki er forsvaranlegt af hálfu sveitarfélagsins að bæta ekki úr þeim annmörkum á þessu stigi, áður en lengra er haldið,

og til að umbjóðendur okkar og þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti raunverulega nýtt þann rétt sinn að koma að athugasemdum, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eins og umbjóðendur okkar hafa bent á þá hafa verið verulegir annmarkar á kynningu á því hvaða gögn liggi til grundvallar deiliskipulagstillögunni. Þannig hefur verulegt misræmi verið í þeim gögnum sem Kópavogsbær og Vegagerðin hafa kynnt og varðar veltengingu við svokallaðan Heiðmerkurveg. Því til stuðnings má benda á eftirfarandi atriði:

- Á bls. 14 í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að keyrt verði beint inn á Suðurlandsveginn frá Heiðmerkurveginum. Á fundi 21. september sl. var tölvuteikning til sýnis sem sýndi annars konar útfærslu, sem vikur að verulegu leyti frá þeirri tillögu sem fram kemur í deiliskipulagstillögunni sem lögð hafði verið fram. Samkvæmt umbjóðendum okkar hafa þau svör fengist að tölvuteikningin hafi verið röng og að útfærslan í deiliskipulagstillögunni sé sú sem miða á við. Óljóst er hvort allir þeir sem voru á fundinum hafi fengið sömu upplýsingar.
- Aftur á móti hafa önnur svör fengist frá Vegagerðinni. Þannig fengust svör frá Gísla Gíslasyni, verkefnastjóra Vegagerðarinnar, um framkvæmdina þar sem sett var fram þriðja útfærslan á umræddri veltengingu. Á þeirri teikningu er tengingin minni að umfangi en tölvuteiknaða útfærslan en þó meiri að umfangi en deiliskipulagstillagan.
- Lögmaður Vegagerðarinnar, Karen Björnsdóttir, sendi umbjóðendum okkar síðan tölvupóst 12. október 2022 með uppfærðri tillögu. Þar kom fram að breytingar hefðu verið gerðar á teikningum og nauðsynlegt væri að taka meira land undir veg vegna spildu milli ca. st. 1850 og 8450. Vegagerðin telur að um sé að ræða 329 fermetra af landi til viðbótar við það sem hefur áður verið kynnt.
- Í þessu sambandi vísast nánar til bréfs umbjóðanda okkar og athugasemda og gagna sem hafa jafnframt verið sendar sveitarfélaginu af þessu tilefni.

Kópavogsbær hefur þegar hafnað beiðni umbjóðenda okkar um frekari frest, sbr. svar bæjarins frá 12. október sl.

Þessu til stuðnings má benda á að umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað á síðustu árum gert athugasemdir við skipulagsmál sveitarfélaga. Þau mál urðu m.a. til þess að hann sendi Skipulagsstofnun bréf 22. desember 2020, í máli nr. F96/2020, þar sem hann benti á málsmeðferð sveitarfélaga hafi ekki alltaf verið í nægjanlegu samræmi við réttarþróun og markmið skipulagslaga. Sveitarfélög verði að haga undirbúningi skipulagsbreytinga og leyfisveitinga þannig að bæði almenningur og þeir sem hafi hagsmuna að gæta hafi möguleika á að fylgjast með framgangi slíkra mála og gera athugasemdir. Þannig þyrfti málsmeðferð, þar með talið kynning, við leyfi til framkvæmda og bygginga sem veitt væru á grundvelli skipulags að taka mið af því að þeir sem málið kynni að varða gætu í heild átt að sig á því hvað fælist í umræddri framkvæmd. Benti hann jafnframt á að að þegar á skorti að þessu leyti gæti dregið úr trausti til stjórnsýslu sveitarfélaga. Sjá frétt á heimasíðu umboðsmanns Alþingis, 8. janúar 2021, þar sem fjallað er um framangreinda athugun.

Í ljósi þess hversu umfangsmiklar breytingar er um að ræða á kynningartímanum, hversu miklir hagsmunir eru undir fyrir umbjóðendur okkar og fleiri aðila, og hversu mikil óvissa er til staðar um hvað felist í reynd í því deiliskipulagi sem nú er til skoðunar eru ítrekaðar óskir um að sveitarfélagið veiti skýrari upplýsingar um tillöguna, upplýsi almenning um

hvaða tillaga og gögn liggi til grundvallar í samræmi við leiðbeiningarskyldu sína, og framlengi síðan frestinn til að gera athugasemdir eða auglýsi tillöguna upp á nýtt með nýjum fresti. Slíkt væri ekki eingöngu í betra samræmi við þær skyldur sem á því hvíla samkvæmt skipulagslögum heldur einnig reglur stjórnsýsluréttar, m.a. um rannsókn og leiðbeiningarskyldu.

Í öðru lagi vilja umbjóðendur okkar árétta allar fyrri athugasemdir og röksemdir sem þeir hafa komið á framfæri við meðferð málsins. Umbjóðendur okkar hafa frá þeim var fyrst kunnugt um fyrirhugaða tvöföldun Suðurlandsvegar gert athugasemdir við áformin og komið þeim á framfæri við Skipulagsstofnun, Vegagerðina og Kópavogsbæ. Eins og áður hefur komið fram munu umbjóðendur okkar samhliða þessu bréfi jafnframt senda sveitarfélaginu bréf af þessu tilefni þar sem athugasemdum þeirra er komið á framfæri og vísast að öðru leyti til þeirra svara og gagna.

Mikilvægt er að lagt sé mat á þau atriði sem umbjóðendur okkar hafa komið á framfæri við undirbúning ákvarðana og val á leiðum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt sem og að málsmeðferð sveitarfélagsins beri þess merki að þær athugasemdir sem komið er að hafi fengið fullnægjandi skoðun. Það er bæði í samræmi við þær skyldur sveitarfélagsins að upplýsa málið og hafa virkt samráð við hagsmunaaðila á málsmeðferðartímanum. Í þeim efnum er lögð sérstök áhersla á að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar með deiliskipulaginu hafa veruleg áhrif á hagsmuni umbjóðenda okkar. Við meðferð málsins hafa þeir t.d. bent á leiðir sem eru færar til að ná sömu markmiðum og stefnt er að með skipulaginu, m.a. þar sem hægt væri að taka óræktað land í stað ræktað lands undir vegi, og þar með rýra minna það land sem er tekið undir framkvæmdir. Mikilvægt er að sveitarfélagið leggi raunverulegt mat á þá kosti sem eru minna íþyngjandi fyrir umbjóðendur okkar og velji þær leiðir sem eru minnst íþyngjandi fyrir þá í samræmi við meðalhófssjónarmið, frekar en halda sig við fyrri áætlanir sem skerða verulega verðmæti þess lands sem er undir, og um leið bæði hagsmuni sveitarfélagsins, með framtíðarþróun í huga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið óska umbjóðendur okkar eftir því að sveitarfélagið skýri nánar hvað felist í umræddri deiliskipulagstillögu, og taki þannig af þann vafa sem hefur verið til staðar á kynningartímanum, í ljósi mismunandi svara stjórnvalda, auglýsi tillöguna aftur eða framlengi þann frest sem var auglýstur til 14. október. Þá eru áréttaðar fyrri athugasemdir við tillöguna og að öðru leyti vísað til bréfs umbjóðenda okkar, sem jafnframt verður sent sveitarfélaginu af þessu tilefni.

Virðingarfyllt,

LOGOS lögmannsþjónusta



Maren Albertsdóttir lögfræðingur

f.h. Benedikts Egils Árnasonar lögmanns

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
skipulag@kopavogur.is

14. október 2022

Efni: Athugasemdir eigenda Gunnarshólma og Lækjarbotnalanda 4 og 5 vegna deiliskipulags sem nefnt hefur verið „Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Hólmsá“.

Bréf þetta er ritað fyrir hönd umbjóðenda minna, Gunnars Haraldssonar og Jónu Margrétar Kristinsdóttur, eigenda og ábúenda Gunnarshólma, 206 Kópavogi („umbj. mínir“). Frá því að umbj. mínum var fyrst kunnugt um fyrirhugaða tvöföldun Suðurlandsvegar hafa þau gert athugasemdir við áformin og komið þeim á framfæri við Skipulagsstofnun, Vegagerðina og Kópavogsbæ. Allar fyrri athugasemdir umbj. minna vegna þessa máls eiga einnig við þá deiliskipulagstillögu sem nú er til kynningar og eru fyrri athugasemdir hér með ítrekaðar.

Ennfremur skulu athugasemdir sem hér koma fram álitnar sem viðbót við bréf umbj. minna til Vegagerðarinnar dags. 13. mars 2022, sbr. fskj. nr. 1, og skal litið á það bréf og athugasemdir þessar sem eina órjúfanlega heild.

Til viðbótar við bréf umbj. minna frá 13. mars 2022 gera umbj. mínir eftirfarandi athugasemdir:

1. Breikkun til suðurs í stað norðurs

Umbj. mínir hafa allt frá kynningu matskýrslu Vegagerðarinnar um breikkun Suðurlandsvegarins frá árinu 2009 óskað eftir því að vegurinn verði staðsettur sunnan megin núverandi vegstæðis og þar með fjær einbýlishúsunum á Gunnarshólma. Um er að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir umbj. mína og samþykki Kópavogsbær núverandi deiliskipulagstillögu mun sú ákvörðun koma til með að rýra verðgildi fasteignanna á Gunnarshólma og minnka lífsgæði þeirra sem þar búa.

Skora umbj. mínir á Kópavogsbæ að krefjast þess að Vegagerðin leggi veginn sunnan megin núverandi vegstæðis þar sem núverandi tillaga er óásættanleg fyrir umbj. mína sérstaklega í ljósi þess að nægt landrými er sunnan vegarins í landi Gunnarshólma. Lögbundið hlutverk Kópavogsbæjar er að gæta hagsmuna íbúa sinna og í þessu máli hefur Vegagerðin virt allar tillögur umbj. minna að vettugi og engu breytt í áformum sínum þrátt fyrir fjölmargar og raunhæfar ábendingar þar um, sbr. fskj. nr.1.

Á opnum fundi Kópavogsbæjar þann 21. september 2022 þar sem nýja deiliskipulagstillagan var kynnt kom fram að ein helst ástæða þess að ekki væri hægt að færa veginn sunnan megin var að breyta þyrfti veghalla um 1° og að slík breyting væri of kostnaðarsöm og myndi hún minnka öryggi vegarins. Umbj. mínir eru ekki sérfræðingar í veghönnun en telja þessa ástæðu vera einkennilega. Malbikaðir vegir eru iðulega fræstir þegar nýtt malbik er lagt og stenst því vart skoðun að breyting á veghalla um 1° sé það kostnaðarsöm að ekki sé raunverulega hægt að breyta þessum áformunum.

Verði orðið við kröfu umbj. minna og áformunum breytt mun það ekki hafa nein áhrif á rekstrarkostnað vegarins í framtíðinni þar sem um er að ræða einskiptiskostnað sem fellur í hlut Vegagerðarinnar. Verði legu vegarins hins vegar ekki breytt munu áhrifin á eigendur Gunnarshólma og lífsgæði þeirra sem þar búa verða skert til frambúðar. Kópavogsbær er nú í kjörstöðu til þess að krefjast þess að Vegagerðina komi með raunhæfa lausn um færslu vegarins. Það er enginn vafi í hugum umbj. minna að það er hægt að færa veginn sunnan megin sé vilji til þess. Sú röksemdafærsla að það sé ekki hægt vegna aukins kostnaðar og minna umferðaröryggis stenst ekki skoðun. Um er að ræða varanlega skerðingu á eignarétti og lífsgæðum umbj. minna og ber líta til þess við ákvörðun um nýtt deiliskipulag en ekki aðeins til þess að breytingin feli í sér aukinn kostnað fyrir Vegagerðina.

Kópavogsbæ ber einnig að líta til eigin hagsmuna í þessu máli því verði vegurinn lagður norðan megin þá munu verðmætir fermetrar af framtíðarbyggingarlandi sveitarfélagsins fara undir veg. Hér er því tækifæri fyrir Kópavogsbæ að krefjast þess að Vegagerðin færi veginn sunnan megin. Landið norðan megin er ræktað og mun verðmætara en landið sunnan megin. Byggingarland á höfuðborgarsvæðinu virðist vera af skornum skammti og hér kjörið tækifæri fyrir Kópavogsbæ að hugsa til framtíðar.

Þá er vel hægt að fara í aðrar útfærslur á veginum svo sem að hafa 2+2 akreinar með þrengra sniði eða 2+1 akrein svo takmarka megi það land sem fer undir veginn. Á fjölmörgum köflum á Suðurlandsveginum er vegurinn með þrengra sniði og umbj. mínir skilja ekki af hverju er ekki hægt að þrengja veginn á kaflanum í gegnum land Gunnarshólma. Kópavogsbæ ber að taka mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og taka ekki íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem stefnt er að verði náð með öðru og vægara móti.

2. Hljóð-, sjón- og loftmengun

Nú fyrst eftir rúmlega 12 ára kynningarferli þessa máls kemur fram að það standi til að gera hljóðmön í landi Gunnarshólma. Í deiliskipulagstillögunni kemur hins vegar ekki fram hversu há hljóðmönin á að vera en á opnum fundi þann 21. september 2022 kom fram að hún verði 2 metrar fyrir ofan vegstæðið. Það er óásættanlegt að þetta atriði sé ekki skýrt og umbj. mínir óska hér með eftir frekari skýringum og samráði um hvernig hljóðmönin verður útfærð. Það er mikilvægt að Kópavogsbær muni gera allt sem hægt er til að hámarka áhrif hljóðmanarinnar til að takmarka ónæði, hljóð- og loft mengun sem nýr vegur og aukin umferð mun hafa í för með sér. Hér mætti vanda betur til verka og útfæra þetta atriði vandlega og óska umbj. mínir hér með að fá upplýsingar um hvaða jákvæðu og/eða neikvæðu áhrif þetta mun hafa fyrir Gunnarshólma.

3. Aðgengi sunnan vegar

Á fyrrnendum fundi þann 21. september fengu umbj. mínir þær upplýsingar að ekki stæði til í að gera undirgöng til að tengja land umbj. minna frá norðri til suðurs. Ástæðan sé að grunnvatnsstaða sé of há til að hægt sé að gera tengingu á milli túna lögbýlisins með undirgöngum. Það er með ólíkindum að Vegagerðin ætli að leggja tvöfaldan veg þvert yfir land umbj. minna og þar með gera landið sunnan vegar mjög óaðgengilegt. Ef núverandi áform ná fram að ganga munu umbj. mínir þurfa að keyra marga kílómetra til að komast á stóran hluta lögbýlisins en jörðin sunnan vegar eru tugir hektara.

Umbj. mínir krefjast þess að bætt verði úr þessu og aðgengi sunna vegar verði tryggt með fullnægjandi hætti frá norðri til suðurs. Núverandi áform eru óásættanleg. Augljós lausn við þessu væri að gera hringtorg við Heiðmerkuraflleggjarann og er hér með farið fram á að sú leið verði skoðuð. Það eru nokkur hringtorg á Suðurlandsveginum en til að mynda er gert ráð fyrir hringtorgi við Hafravatnsaflleggjara sem er staðsettur nokkra kílómetra til vesturs. Það er því ekkert sem mælir gegn því að hafa hringtorg við Heiðmerkuraflleggjarann.

4. Staðsetning Geirlandsvegamóta og hliðarvegur

Umbj. mínir gera einnig athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu svokallaðra Geirlandsvegamóta. Þeir hafa farið þess á leit við Kópavogsbæ að til álita komi að færa gatnamótin nær heimreiðinni að Elliðakoti til að lengja leiðina frá Gunnarshólma til Reykjavíkur ekki meira en nauðsyn krefur. Miðað við þær áætlanir sem uppi eru er gert ráð fyrir að gatnamótin verði staðsett við núverandi heimreið að Geirlandi sem er u.þ.b. 800 metrum austar en núverandi tenging við Gunnarshólma. Gangi þetta eftir lengist sú vegalengd sem umbj. mínir þurfa að aka til að komast til Reykjavíkur um a.m.k. 1,6 km.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður þessi vegur sem bætist við heimreiðina að Gunnarshólma í besta falli skilgreindur sem héraðsvegur. Það er ljóst að þetta felur í sér mikinn kostnað og skerðingu á lífsgæðum ábúenda. Umbj. mínir sjá nú sjálfir um snjómokstur á heimreið sinni og yfir háveturinn þegar tíðarfar hefur verið eins og síðustu vikur hefur þurft mikinn snjómokstur og oft á tíðum hefur þurft að moka veginn daglega. Þegar snjóþyngsli verða geta myndast aðstæður þar sem ekki verður fært að íbúðarhúsum mun það koma niður á þjónustu við íbúa, svo sem sorphirðu, pósthjónustu og skólaakstur. Vegagerðin hefur svarað þessum mótbárum umbj. minna á þann veg að þeir verði að snúa sér til Kópavogsbæjar varðandi þjónustu vegarins. Þeirri spurningu er því beint til Kópavogsbæjar með hvaða hætti bærinn muni þjónusta veginn og þá sér í lagi í tengslum við snjómokstur yfir vetrarmánuðina.

Farið er fram á að Kópavogsbær hafi veginn frá nýjum vegamótum eins stuttan og hægt er fyrir eigendur Gunnarshólma. Hér er mikið hagsmunamál að ræða. Einnig er farið fram á að tryggt verði viðhald og þjónusta við veginn, en að öðrum kosti getur aðgengi að Gunnarshólma orðið verulega takmarkað sérstaklega að veturlagi þegar snjóþungt er.

Í deiliskipulagstillögunni er gert er ráð fyrir nokkrum vegtengingum inn á Suðurlandsvegin til austurs og má þar nefna tengingu við Heiðmerkurveg, Lækjarbotnaland I og II og seinni tenging við Waldorfskóla. Umbj. mínir hafa óskað eftir að fá að tengjast Suðurlandsveginum með sambærilegum hætti til vesturs en hafa fengið þau svör að það muni rýra umferðaröryggi. Það stenst ekki skoðun að deiliskipulagstillagan geri ráð fyrir beinum tengingum sunna megin vegarins til austurs en ekki norðan megin til vesturs. Ef umbj. mínir myndu fá að fara beint inn á Suðurlandsvegin til vesturs myndi það stytta leiðina til höfuðborgarinnar verulega. Benda umbj. mínir á að mun meiri umferð er um Heiðmerkurvegin og Waldorfskóla en um Gunnarshólma. Er því hér með farið fram á að gerð verði vegtenging beint inn á Suðurlandsvegin til vesturs frá Gunnarshólma.

5. Nýjar vegtengingar

Töluvert misræmi hefur verið í þeim gögnum sem Kópavogsbær og Vegagerðin hafa kynnt varðandi vegtengingu við svokallaðan Heiðmerkurveg. Á teikningu á bls. 14 í deiliskipulagstillögunni er gert er ráð fyrir að keyrt sé beint inn á Suðurlandsvegin frá

Heiðmerkurveginum. Á fundinum þann 21. september sl. var til sýnis tölvuteikning sem sýndi allt aðra útfærslu en sem fram kemur í deiliskipulagstillögunni, sbr. fskj. nr. 2.

Á fundinum fengust þau svör að tölvuteikningin væri röng og að útfærslan í deiliskipulagstillögunni gildi. Þann 3. október sl. barst svo tölvupóstur frá Gísla Gíslasyni verkefnastjóra Vegagerðarinnar sem sýndi þriðju útfærsluna á umræddri vegtengingu, sbr. fskj. nr. 3 og 4. Eins og sjá má á nýjustu teikningunni þá er vegtengingin umfangsminni en tölvuteiknaða útfærslan en þó umfangsmeiri en deiliskipulagstillagan.

Þann 12. október 2022 barst síðan tölvupóstur frá Karení Björnsdóttur lögmanni Vegagerðarinnar með uppfærða tillögu að bótum, sbr. fskj. nr. 5. Þar kom fram að breytingar hafi verið gerðar á teikningum og nauðsynlegt sé að taka meira land undir veg vegna spildu milli ca. st. 1850 og 8450. Vegagerðin segir að um sé að ræða 329 fermetra af landi til viðbótar við það sem áður hefur verið kynnt.

Vegna allra þessara breytinga óskaði undirritaður lögmaður eftir frekari fresti til að koma með athugasemdir við deiliskipulagið en þeirri beiðni var hafnað með svari Kópavogsbæjar þann 12. október 2022, sbr. fskj. nr. 6.

Vekur það furðu umbj. minna þar sem áform Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar hafa verið að breytast frá degi til dags. Kynningum hefur verið gríðarlega ábótavant. Mikill skortur hefur verið á samráði en málið virðist keyrt áfram af hörku og allar athugasemdir umbj. minna eru hunsaðar. Það er grundvallarréttur umbj. minna að fá nægt ráðrúm til að kynna sér breytingar á deiliskipulaginu og koma með athugasemdir við þær að vel ígrunduðu máli. Er hér með farið fram á aukinn frest til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

6. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Í deiliskipulagstillögunni leggur Kópavogsbær til að gera reiðveg aftan við fyrirhugaða hljóðmön og með því færa reiðveginn mun nær íbúðarhúsunum á Gunnarshólma. Þetta finnst umbj. mínum með öllu óásættanlegt og mótmæla hér með harðlega þessum áformum. Umbj. mínir hafa búið á Gunnarshólma í rúm 23 ár og á þeim tíma hafa þau sjaldan séð hestafólk nýta reiðveginn sem liggur meðfram veginum í dag. Hins vegar er reiðvegurinn mikið nýttur af ýmsum hávaðasömum vélknúnum ökutækjum á öllum tímum sólarhringsins. Þessum tækjum fylgir gríðarlegt ónæði fyrir íbúa Gunnarshólma og er því óásættanlegt að reiðvegurinn verði færður nær íbúðarhúsunum. Í ofanálag er núverandi vað við Hólmsárbrú mjög stórgrýtt og hentar því illa fyrir hestaumferð.

Umbj. mínir biðla til Kópavogsbæjar að leggja ekki reiðveg norðan umræddrar hljóðmanar. Þetta mun gera vonda stöðu enn verri og benda umbj. mínir enn og aftur á að nóg pláss er sunnan megin vegarins fyrir reiðveg. Það er með öllu óásættanlegt fyrir umbj. mína að þurfa þola það að fá reiðveginn í bakgarðinn hjá sér aftan við hljóðmön sem á einmitt að hafa þann tilgang að takmarka ónæði fyrir íbúa Gunnarshólma.

Eftir opna fundinn hjá Kópavogsbæ þann 21. september sl. þá óskuðu umbj. mínir eftir upplýsingum um kostnað sem fylgir umræddum reiðvegi, sbr. tölvupóstur sendur þann 22. september 2022 en ekki hafa borist svör við þeirri beiðni. Hér með óska umbj. mínir eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað við lagningu nýs reiðvegar.

Einnig má benda á að mun betri kostir eru fyrir reiðveg en meðfram Suðurlandsveginum en góðar útivistaleiðir eru víða norðan Gunnarshólma um land aðliggjandi sveitarfélaga, Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar. Væri kjörið að skipuleggja almennilega reiðstíga í fallegri náttúru norðan Gunnarshólma í samstarfi við sveitarfélögin í nágrenninu í stað þess að leggja hann meðfram fjölförnum þjóðvegi.

Umbj. mínir furða sig einnig á því að eingöngu virðist standa til að gera reiðstíg en ekki hjóla- eða göngustíga. Nú er umferð hjólríðafólks mun meiri en hestafólks og því er einkennilegt að Kópavogsbær vilji leggja í mikinn kostnað fyrir örfáa reiðmenn sem fara lítið sem ekkert um þetta svæði. Í dag er erfitt að koma hjólandi að Gunnarshólma og mjög algengt er að sjá hjólríðafólk á vegbrúninni á þessum hættulega vegi. Ef tilgangur deiliskipulagsins er að auka þjónustu við íbúa Kópavogsbæjar þá myndu mun fleiri nota góðs af göngu- og hjólríðastígum heldur en reiðstíg.

Umbj. mínir fara fram á að Kópavogsbær færi reiðstíginn frá fasteignunum á Gunnarshólma hvort sem það væri sunnan vegar eða norðan landamerkja lögbýlisins. Það er óásættanlegt að leggja reiðveg í bakgarðinn hjá umbj. mínum.

7. Lagning ljósleiðara og lagnir fyrir heitt og kalt vatn


Umbj. mínir furða sig einnig á því að engin áform standi til hjá sveitarfélaginu að bæta lífsgæði á svæðinu svo sem með lagningu ljósleiðara og tengingu fyrir heitt og kalt vatn. Með framkvæmdinni myndast kjöraðstæður til að leggja þessar lagnir. Mikill hagur væri fyrir sveitarfélagið í framtíðinni ef þetta yrði gert samhliða framkvæmdinni. Umbj. mínir greiða í dag gríðarlega hátt verð fyrir húshitun og er nettengin á svæðinu til háborinnar skammar sem vekur furðu vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Umbj. mínir hvetja Kópavogsbæ til að koma þessu málum almennilegt horf og nýta tækifæri sem hér býðst og þar með bæta lífsgæði á svæðinu.

8. Almenningsamgöngur

Hvergi í deiliskipulaginu virðist vera gert ráð fyrir almenningsamgöngum. Kópavogsbær ætti að stuðla að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins og er hér gott tækifæri til að bæta úr því. Mikilvægt er að allir íbúar sveitarfélagsins geti notað almenningsamgöngur en það er ekki möguleiki dag. Nær ómögulegt er að hjóla til og frá Gunnarshólma þar sem engir hjólastígar eru á svæðinu og er einkabíllinn því eini kosturinn.

Áskilinn er réttur til framlagningu frekari gagna, rökstuðnings og andsvara á síðari stigum gerist þess þörf.


Virðingarfyllt,
f.h. Gunnars Haraldssonar &
Jónu Margrétar Kristinsdóttur



Friðleifur Egill Guðmundsson, lögmaður.
fridleifur@fglegal.is S: 661 4585

Fylgiskjöl:

1. Aths. Gunnarshólma til Vegagerðarinnar 13. mars 2022.
2. Tölvuteikning – vegtenging við Heiðmerkurveg.
3. Tölvupóstur frá Gísla Gíslasyni f.h. Vegagerðarinnar.
4. Ný teikning af vegtengingu við Heiðmerkurveg.
5. Tölvupóstur frá Kareni Björnsdóttur f.h. Vegag.
6. Tölvupóstur beiðni um frest.
7. Svar v. tölvupósti.



Magna lögmenn
b.t. Einars Farestveit
Höfðabakka 9, 6.h.
110 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2022

Efni: Athugasemdir eigenda Gunnarshólma við fyrirhugaðar framkvæmdir við að breikka Hringveg (1). Fossvellir – Hólmsá.

Bréf þetta er ritað fyrir hönd umbjóðenda minna, Gunnars Haraldssonar og Jónu Margrétar Kristinsdóttur, eigenda og ábúenda Gunnarshólma, 206 Kópavogi („umbj. mínir“). Með bréfi, dags. 24. febrúar 2022, frá Magna lögmönnum var umbj. mínum tilkynnt að Vegagerðin hefði áform um að hefja framkvæmdir sem hafa í för með sér skerðingu á eignaréttindum þeirra vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar, sbr. 2. mgr. 37. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Með bréfinu var umbj. mínum veittur frestur til að leggja fram athugasemdir við tilhögun framkvæmdarinnar.

Frá því að fyrirhugaðar framkvæmdir Vegagerðarinnar við tvöföldun Suðurlandsvegar voru kynntar hafa umbj. mínir gert athugasemdir við framkvæmdirnar og meðal annars mótmælt fyrirhugaðri legu vegarins þegar árið 2008, sbr. fskj. nr. 1 og 5. Umbj. mínir voru boðaðir á fund til Vegagerðarinnar í mars sl. þar sem farið yfir málið, sbr. fskj. nr. 3. Vegagerðin vann nokkru síðar minnisblað um málið sem er dags. 25. mars. 2022, sbr. fskj. nr. 4. Nú er svo komið að Vegagerðin stefnir á að hefja framkvæmdir á næstu vikum eða mánuðum og er fjölmörgum spurningum ósvarað og ríkir mikil óvissa um marga mikilvæga þætti í þessu máli.

Athugasemdir umbj. minna

Gunnarshólmi er ættarjörð sem hefur ávallt verið í eigu fjölskyldu Gunnars Haraldssonar. Afi hans og amma, Gunnar Sigurðsson og Margrét Gunnarsdóttir heitin byggðu Gunnarshólma árið 1928. Bygging Gunnarshólma þótti mikið þrekvirki á þessum árum og vakti mikla athygli en jörðin var ekki talin góður kostur fyrir búrekstur. Annað kom á daginn og í gegnum áratugina hefur þar verið stundaður myndarlegur búskapur steinsnar frá höfuðborginni.

Sú landtaka sem nú er fyrirhuguð af hálfu Vegagerðarinnar er ekki einungis mikið tilfinningamál fyrir umbj. mína heldur mun þetta skerða lífsgæði og verðmæti landareignar þeirra með ófyrirséðum hætti.

Með framkvæmdinni er verið að færa einn fjölfarnasta þjóðveg landsins nær íbúðarhúsunum á lögbylinu Gunnarshólma og við það mun hljóð-, loft- og sjónmengun aukast verulega á svæðinu.

Á Gunnarshólma reka umbj. mínir fyrirtækið Gunnarshólma Grasavinafélag ehf. en félagið ræktar og selur hágæða túnþökur. Starfseminni fylgir miklir þungaflutningar og geta viðskiptavinir þeirra fengið túnþökur afhentar á staðnum. Það er því töluverð umferð stórra og þungra bifreiða sem eiga leið sína til og frá Gunnarshólma allan ársins hring.

Umbj. mínir hafa rekið ferðaþjónustu á bænum í mörg ár við góða orðstír en starfsemin hefur legið niðri frá því heimsfaraldurinn skall á byrjun árs 2020. Frekari uppbygging á lögbylinu hefur staðið til enn það hægðist einnig á þeim áformum vegna heimsfaraldursins.

Vegna áforma Vegagerðarinnar um breikkun Suðurlandsvegarins vilja umbj. mínir gera eftirfarandi athugasemdir:

I. Breikkun til suðurs í stað norðurs.

Umbj. mínir hafa frá upphafi þessa máls bent á kosti þess að leggja fyrirhugaðan veg sunnan við núverandi vegstæði Suðurlandsvegarins en ekki norðan megin eins og áformað er. Þeim sjónarmiðum var fyrst komið á framfæri í athugasemdum umbj. minna við matskýrslu Vegagerðarinnar frá 2009, sbr. fskj. nr. 1. Hafa athugasemdir umbj. minna verið ítrekaðar á öllum stigum málsins síðan og eru þær aftur ítrekaðar hér.

Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir umbj. mína. Vegagerðin er að leggja til að tvíbreiður fjölfarinn þjóðvegur verði lagður nánast í bakgarð tveggja íbúðarhúsa sem standa á Gunnarshólma. Ábúendur eru í báðum íbúðarhúsunum og nái fyrirhuguð áform fram að ganga mun þetta skerða lífsgæði þeirra sem þar búa og koma til með að hafa mikil neikvæð áhrif á verðmæti og notkunargildi fasteignanna.

Umbj. mínir hafa búið á Gunnarshólma í áratugi og staðið fyrir mikilli uppbyggingu á svæðinu. Hafa þau einnig gróðursett mikið magn af trjám á því svæði sem fyrirhugað er að taka undir vegin, á milli íbúðarhúsanna og núverandi vegstæðis með tilheyrandi kostnaði og vinnu. Um er að ræða hundruðir plantna en tilgangurinn með gróðursetningunni er ekki aðeins fagurfræðilegur heldur einnig að takmarka þá miklu hljóðmengun sem berst frá þjóðveginum. Bætur sem Vegagerðin mun bjóðast til að greiða fyrir þessi tré mun ekki bæta það tjón sem verður af því að þessi tré þurfi að víkja.

Fyrirhugaður vegur mun einnig takmarka nýtingarmöguleika á landi umbj. minna til framtíðar. Byggð frá höfuðborgarsvæðinu færast nær Gunnarshólma og sést það glögglega á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar en áformuð er uppbygging á 50.000 m² iðnaðarsvæði á Hólmsheiði. Með breikkun vegarins til norðurs fer verðmætur hluti lands umbj. minna undir þjóðveg.

Í 32. gr. núgildandi vegalaga nr. 80/2007 kemur fram að byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurðir eða önnur mannvirki, föst eða laus, megi ekki staðsetja nær en 30 metra frá miðlínu stofnvega og 15 metra frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að við vegamót sé miðað við 40 metra frá skurðpunkti og ef sérstaklega stendur á skuli þessi mörk

verða allt að 150 metrar. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar getur veghaldari ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skuli aukinn.

Með því að leggja vegin norðan núverandi vegar er Vegagerðin að hafa mikil áhrif á mögulega framtíðaruppbyggingu á Gunnarshólma. Umbj. mínir hafa lagt vinnu og kostnað í að skoða uppbyggingu á fristunda- og íbúðabyggð á landinu og hafa hugmyndir um iðnaðarsvæði einnig verið upp á teikniborðinu. Einungis 850 metrar eru frá landi Gunnarshólma við Hólmsárbrú að afleggjara að Hafravatni þar sem stórfelld uppbygging er nú fyrirhuguð. Takmörkun á nýtingu landsins og sú óvissa sem framkvæmdinni fylgir getur ekki haft annað en neikvæð áhrif á verðmæti landins en nú þegar hafa fjárfestar sýnt landinu áhuga og horfa margir til framtíðar uppbyggingar á svæðinu. Mikill skortur er á lóðum á höfuðborgarsvæðinu og fasteignarverð virðist sæta takmarkalausum hækkunum og á það jafnt við um hverfi sem eru miðsvæðis og í útjaðri borgarinnar.

Í fundargerð Vegagerðarinnar, dags. 11. mars 2022, segir að skv. vegalögum sé veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til beggja hliða frá miðlínu, sbr. fskj. nr. 3. Innan veghelgunarsvæðisins sé öryggissvæði þar sem ekki megja vera hættulegar hindranir eða mikill bratti. Samkvæmt veghönnunarreglum sé lágmarks öryggisbreidd fyrir Suðurlandsveginn 12 m frá akbrautarbrún. Það er því ljóst að svonefnd öryggisbreidd mun ná 12 m frá akbrún nýs vegar og mun það takmarka mögulega nýtingu lands umbj. minna enn frekar. Í huga umbj. minna er óljóst hvort umræddir 12 m verða hluti af eignaupptökunni eða hvort eingöngu sé verið að takmarka notkunargildi lands sem mun áfram vera í þeirra eigu. Óskað er eftir skýringum á þessu og með hvaða hætti þetta verði bætt.

Í minnisblaði Vegagerðarinnar frá 25. mars 2022 segir að Vegagerðin hafi kannað möguleikan á að breikka veginn til suðurs í landi umbj. minna, sbr. fskj. nr. 4. Niðurstaðan hafi verið sú að ekki væri hægt að sveigja veginn til suðurs fyrr en u.þ.b. 150 metra austan við núverandi afleggjara að býlinu. Ástæðan fyrir því sé að vegna afvötnunar vegsins þurfi langhalli að vera að lágmarki 1% til þess að heimilt sé að breyta þverhallanum. Þar með verði jákvæð áhrif á hljóðvist minni en vonir stóðu til. Telja hönnuðir að ef vegurinn verði færður muni það hafa áhrif á umferðaöryggi og framkvæmdakostnaður muni hækka um 12-14% og þá sé ótalin kostnaður við að gera stærri brú yfir Hólmsá og endurnýjun vigtarplans. Vegagerðin telji þetta því óhagkvæmt bæði m.t.t. umferðaöryggis og kostnaðar.

Umbj. mínir geta ekki séð að tillaga þeirra frá árinu 2009 um að færa veginn sunnan núverandi vegstæðis hafi verið skoðuð með fullnægjandi hætti. Vegagerðin hefur ekki lagt fram teikningar, að undanskildri teikningu í fskj. nr. 2, eða útreikninga sem sýna fram á að aðrar útfærslur henti verr en núverandi áform. Til að mynda hefur ekki verið skoðað 2+2 akrein með þrengra sniði svo takmarka megja það land sem verður háð eignaupptöku en sú útfærsla myndi færa veginn lengra frá íbúðarhúsum. Vegagerðin hefur heldur ekki lagt fram útreikninga sem sýna fram á að kostnaður verði 12-14% meiri ef vegurinn verður færður sunnan megin vegarins. Þar að auki telja umbj. mínir að eðlilegt sé að líta til sjónarmiða þeirra þó að það feli í sér einhvern aukin kostnað fyrir Vegagerðina enda er verið að skerða eignarétt og lífsgæði þeirra til frambúðar.

Með vísan í ofangreint er ljóst að tjón umbj. minna verður mikið þegar vegurinn verður breikkaður en gera þeir sér engu að síður grein fyrir að framkvæmdin er óhjákvæmileg. Fyrir hönd umbj. minna er þó farið fram á að Vegagerðin reyni að takmarka tjón þeirra eins og kostur er með því að skoða með viðhlítandi hætti aðrar útfærslur á framkvæmdinni. Auk þess er farið fram á að Vegagerðin rökstyðji

fullyrðingar sínar betur og leggi fram gögn máli sínu til stuðnings. Hafa umbj. mínir reynt frá upphafi að leita lausna í þessu máli og m.a. boðist til að falla frá annars skýlausri kröfu sinni um að Vegagerðin leggi kostnaðarsöm undirgöng yfir á land sitt sunnan megin vegarins ef fallist verður á að færa vegstæðið þangað.

II. Hljóð-, sjón- og loftmengun.

Veghljóð og önnur mengun frá veginum er mikil í dag. Umferð um veginn er þung og viðvarandi allan sólarhringinn með tilheyrandi óþægindum og truflunum fyrir íbúa Gunnarshólma. Með því að færa veginn nær íbúðarhúsunum mun hávaði og mengun aukast og því hafa umbj. mínir miklar áhyggjur af því hversu mikið þetta mun skerða lífsgæði abúenda. Það mun líklegast ekki koma fyllilega í ljós fyrr en eftir að framkvæmdum er lokið. Það er því mikilvægt að vegurinn verði lagður eins langt frá íbúðarhúsunum á Gunnarshólma og hægt er. Eftir að vegurinn hefur verið lagður þá verður hann ekki færður og þurfa abúendur því að lifa við þær aðstæður sem hann skapar um ókomna tíð.

Fram kemur í minnisblaði Vegagerðarinnar að ráðgjafi sjái ekkert því til fyrirstöðu að reisa hljóðmanir innan öryggissvæðis Suðurlandsvegarins, sbr. fskj. nr. 3. Það er skýlaus krafa umbj. minna að umræddar hljóðmanir verði reistar meðfram þjóðveginum svo takmarka megi sjón- og hljóðmengun. Ekki hefur verið lögð fram staðfesting á að hljóðmön verði gerð né hvaða land skuli nýtt undir hana. Þá er óljóst hvort hljóðmönin verði á milli þjóðvegur og hliðarvegur eða á milli hliðarvegur og Gunnarsólma. Verði síðarnefndi kosturinn fyrir valinu geta umbj. mínir ekki betur séð en að hljóðmönin verði inn í bakgarðinum hjá nýja íbúðarhúsinu og þá er ljóst að rof verður í hljóðmöninni þar sem heimkeyrslan að lögbýlinu liggur á milli íbúðarhúsanna tveggja. Ef hún verður staðsett á milli þjóðvegur og hliðarvegur þá er spurning hversu langt frá þjóðveginum hún þarf að vera sbr. umfjöllun í lið II.i. Myndi það væntanlega þýða að hliðarvegur þyrfti að færast nær íbúðarhúsinu. Farið er fram á að staðsetning á hljóðmön verði útfærð í samráði við umbj. mína.

Umferð um veginn er mikil og á aðeins eftir að aukast með tilheyrandi aukningu á hljóð- og loftmengun. Umbj. mínir gera einnig kröfu um að óháður aðili framkvæmi ásætlanlegar mælingar á þeirri hljóð- og loftmengun sem nýr þjóðvegur mun hafa í för með sér fyrir abúendur Gunnarshólma.

III. Aðgengi að landi sunnan vegar.

Ljóst er að eftir að þjóðvegurinn hefur verið tvöfaldaður mun aðgengi að landi Gunnarshólma sem staðsett er sunnan megin vegarins verða verulega takmarkað. Landið hefur verið nýtt síðastliðin ár sem beitoland fyrir hesta og með framkvæmdinni verður aðgengi að landinu frá lögbýlinu nánast útilokað. Umbj. mínir hafa gert kröfu um að gerð verði undirgöng sem tryggir þeim aðgengi að landinu, sbr. fskj. nr. 3. Þeirri kröfu hefur nú verið svarað og er talið að vegna hárrar grunnvatnsstöðu á svæðinu í kringum heimreið Gunnarshólma sé ekki með góðu móti hægt að gera undirgöng þar, sbr. fskj. nr. 4. Af þessum sökum leggur Vegagerðin til að undirgöng verði gerð nær Hólmsánni þar sem grunnvatnsstaða sé lægri á því svæði.

Ef undirgöngin verða gerð á þeim stað sem lagt er til, þá er ljóst að þau munu ekki nýtast umbj. mínum þar sem ekki virðist standa til að leggja veg að umræddum göngum. Verður ekki betur séð en að tillagan geri ráð fyrir því að þeir sem vilja komast frá bæjarstæði Gunnarshólma yfir á túnið sunnan megin þurfi að fara fótgangandi tæpan kílómetra á túni eða meðfram þjóðveginum til að komast í undirgögnin.

Umbj. mínir telja þess lausn algjörlega óásættanlega. Að mati umbj. minna getur hámarks vegalengd frá heimkeyrslu Gunnarshólma að nýjum undirgöngum ekki verið lengri en 100 metrar sem er vegalengdin sem ábúendur hafa gengið inn á túnið til þessa. Ef ekki er hægt að verða við því munu umbj. mínir ekki hafa not fyrir landið þar sem aðgengi að því er verulega skert.

Einnig vilja umbj. mínir benda á að í fyrirhugaðri framkvæmdaáætlun er ekki gert ráð fyrir aðgengi að frístundalóðum þeirra sunnan megin vegarins, sem heita Lækjarbotnaland 4 og 5. Svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir aðgengi að lóðunum auk þess sem helgunarsvæði Vegagerðarinnar samkvæmt teikningu sem umbj. mínum hefur verið send virðist ná inn á byggingarreit lóðanna.

Telja umbj. mínir að nauðsynlegt að aðgengi lands sunnan vegar verði tryggt með fullnægjandi hætti og tekið verði tillit til Lækjabotnlands.

IV. Staðsetning Geirlandsvegamóta.

Umfjöllun Vegagerðarinnar og röksemdir fyrir því að ekki sé hægt að færa fyrirhuguð vegamót nær Gunnarshólma eru ófullnægjandi að mati umbj. minna. Í umræddu minnisblaði frá Vegagerðinni kemur fram að ráðgjafi hafi skoðað möguleikann á að færa gatnamótin vestar en núverandi áform geri ráð fyrir. Niðurstaðan hafi verið sú að færslan gæti að hámarki orðið 100 metrar og myndi það skila litlu fyrir ábúendur. Þá kemur fram að norðurarmur vegamótanna verði alltaf að vera austar vegna umferðaöryggis og hönnunarreglna. Sama forsenda ráði því að um það bil 200 metrar þurfa að vera á milli norður- og suðurarma vegamótanna. Færsla suðurarms takmarkist af steypu ræsi undir Suðurlandsveg sem ráðgjafi telur ekki æskilegt að framlengja undir fráreinina til suðurs. Þessar ályktanir eru þó ekki rökstuddar frekar né studdar neinum gögnum.

Um gríðarlegt hagsmunamál er að ræða fyrir umbj. mína þar sem verið er að leggja til að eigendur, og aðrir sem eiga leið sína á Gunnarshólma, þurfi að keyra auka 800 metra kafla á nýjum vegi sem verður í besta falli héraðsvegur eins og sbr. 2. mgr. c. liðar 8. gr. veglaga nr. 80/2007. Auk þess eykst akstursvegalengdin á þjóðveginum um aðra 800 metra í viðbót ef farið er til höfuðborgarinnar. Ef einn bíll fer til og frá Gunnarshólma til höfuðborgarinnar einu sinni á dag, alla daga ársins, þá er vegalengdin fyrir þennan eina bíl að aukast um 1.168 km á ársgrundvelli ($365 \cdot 0,8 \text{ km} \cdot 4 = 1.168 \text{ km}$). Hver bæjarferð er því 3,2 km lengri eftir breytingu miðað við vegalengdina í dag. Ábúendur á Gunnarshólma þurfa margir að keyra til og frá höfuðborgarinnar stundum oft á dag. Einnig er mikil umferð vörubíla og annarra orkufrekra bifreiða frá Gunnarshólma og mun þessi aukavegalengd hafa í för með sér umtalsverðan aukakostnað bæði fyrir ábúendur og þá sem eiga þangað að sækja reglulega. Það er því nauðsynlegt að komið sé til móts við umbj. mína við ákvörðun um staðsetningu á Geirlandsvegamótunum og að þau séu færð eins nálægt Gunnarshólma og mögulegt er.

Í minnisblaði Vegagerðarinnar er einnig vísað í námuvinnslu við Geirland sem röksemd fyrir því að óheppilegt sé að færa gatnamótin nær Gunnarshólma. sbr. fskj. nr. 4. Umbj. mínir benda á að malarvinnslan er ekki starfrækt lengur þar og þegar hún var nýtt þá var það gert án leyfa og í trássi við vilja nágranna. Á þessu svæði er engan búnað að finna enda er engin starfsemi þar. Röksemdir Vegagerðarinnar hvað þetta varðar hafa því ekkert vægi í þessu máli.

Ef hægt er að stytta vegalengdina frá Geirlandsvegamótunum til Gunnarshólma þá munar það miklu fyrir umbj. mína og yrðu vegamótin jafnframt í meiri fjarlægð frá náttúvættunum Tröllabörnum.

V. Nýr vegur.

Fram kemur í minnisblaði Vegagerðarinnar að við afnám núverandi tengingar Gunnarshólma við Suðurlandsveginn lengist heimreiðin að Gunnarshólma um ca. 800 m. Samkvæmt skilgreiningu vegalaga nr. 80/2007 getur vegtenging flokkast sem héraðsvegur að undangenginni umsókn fasteignareiganda þar um. Þá er sagt að Vegagerðin muni bera allan kostnað af byggingu vegarins. Einnig kemur fram að Vegagerðin sé veghaldari héraðsvega að frátöldum síðustu 50 metrum heim að býli.

Mikil óvissa ríkir um þennan veg og hafa ekki verið lagðar fram neinar lýsingar á stærð eða gæðum vegarins. Mögulega verður þetta héraðsvegur skv. skilgreiningu c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga en það er háð samþykki Vegagerðarinnar að undangenginni umsókn umbj. minna. Ekki kemur fram hvort um malarveg verði að ræða eða bundið slitlagi/malbik eða hvort hann verði einfaldur eða tvöfaldur. Hér að framan hefur komið fram að töluverður þungaflutningur er til og frá Gunnarshólma og því yrði vegurinn að vera þannig úr garði gerður að ekki sé vafi á því að hægt sé að komast til og frá lögbýlinu til að sinna nauðsynlegri atvinnustarfsemi umbj. minna.

Umbj. mínir fara hér með fram á að lögð verði fram skrifleg lýsing og teikningar af þessum vegi ásamt tryggingu fyrri því að honum verði viðhaldið og hver muni sjá um það. Krafa er gerð um að vegurinn verði malbikaður og að hann verði nægilega breiður til þess að tveir bílar úr gagnstæðri átt geti mæst á auðveldan hátt. Einnig er mikilvægt að fram komi burðargeta vegarins.

VI. Þjónusta við ábúendur.

Fram kemur í minnisblaði Vegagerðarinnar að vetrarþjónusta fari eftir vegalögum. Samkvæmt gildandi reglum hefur Vegagerðin ekki heimild til að sinna vetrarþjónustu á nýja veginum og þyrftu ábúendur því að sækja slíka þjónustu til sveitarfélagsins. Sama máli gegni um aðra þjónustu s.s. skólaakstur, pósthjónustu, sorphirðu eða annað sem Vegagerðinni er óheimilt að taka þátt í. Lagt er til að umbj. mínir ræði við Kópavogsbæ um þjónustu í landi sveitarfélagsins. Þá segir að Kópavogsbær og Vegagerðin geti hugsanlega séð hag í samstarfi vegna vetrarþjónustu á svæðinu án þess þó að fara á svig við gildandi lög.

Umbj. mínir hafa miklar áhyggjur af þjónustu við veginn. Veturinn í ár var mjög snjóþungur og lögðu umbj. mínir mikla vinnu á heimreiðinni að Gunnarshólma. Sú staða gæti komið upp að nýji vegurinn yrði ekki settur í forgangsþjónustu og gæti þá liðið langur tími þar til að snjór yrði fjarlægður af veginum. Slík staða yrði óásættanleg fyrir umbj. mína.


Skipting bæjarfélaganna í kringum Gunnarshólma er mjög sérstök en lögbýlið, sem tilheyrir Kópavogi, á landamerki að tveimur bæjarfélögum, þ.e. Reykjavík og Mosfellsbæ. Þar sem Gunnarshólmi er ekki í beinni landfræðilegri tengingu við Kópavogsbæ hefur þjónusta við Gunnarshólma oft verið stopul enda er lögbýlið í töluverðri fjarlægð frá meginstarfsemi sveitarfélagsins. Óvissa um snjóþungur er grafalvarlegt mál fyrir umbj. mína og verði henni ekki sinnt sómasamlega getur það haft veruleg neikvæð áhrif á daglegt líf ábúenda ásamt því að rýra verðmæti lögbýlisins.

Það er því nauðsynlegt að Vegagerðin tryggi að snjómokstur um nýja veginn verði í forgangi og framvísi skriflegri yfirlýsingu um að vetrarþjónustu verði sinnt. Það er mikil skerðing á lífsgæðum og aukin kostnaður fyrir umbj. mína ef þeir þurfa að sinna vetrarþjónustu á allt að 800 metra löngum vegi sjálf. Ábúendur þurfa að hafa tryggingu fyrir því að geta komist til og frá Gunnarshólma til að sækja vinnu, skóla eða tómstundir og sveitarfélagið verður að geta sinnt lögbundinni grunnþjónustu við lögbýlið.

Það er krafa umbj. minna að þessi atriði verði skjalfest áður en lengra er haldið.

Áskilinn er réttur til framlagningu frekari gagna, rökstuðnings og andsvara á síðari stigum gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,
f.h. Gunnars Haraldsson &
Jónu Margrétar Kristinsdóttur




Friðleifur Egill Guðmundsson, lögmaður.

fridleifur@fglegal.is S: 661 4585

Fylgiskjöl:

1. Mat á umhverfisáhrifum 2009
2. Teikning á nýjum vegi
3. Fundargerð Vegagerðarinnar
4. Minnisblað Vegagerðarinnar
5. Fundargerð frá 2008
- 6.. Umboð frá landeigendum



From: Friðleifur Egill Guðmundsson fridleifur@fglegal.is
Subject: Fwd: Breikkun Suðurlandsvegar
Date: 13 October 2022 at 14:05
To: marena@logos.is

FG

Hér breyta þeir teikningunni...

Begin forwarded message:

From: Gísli Gíslason - VG <gisli.gislason@vegagerdin.is>
Subject: Re: Breikkun Suðurlandsvegar
Date: 3 October 2022 at 16:19:31 GMT
To: Friðleifur Egill Guðmundsson <fridleifur@fglegal.is>
Cc: Elín Mjöll Lárusdóttir <elinm1@kopavogur.is>, "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>, Ólafur Thorlacius Árnason - VG <olafur.t.arnason@vegagerdin.is>, Oddur Sigurðsson Hagalín - VG <oddur.s.hagalín@vegagerdin.is>, Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>

Sæll Friðleifur.

Hér á eftir eru svör Vegagerðarinnar:

Kostnaðurinn við undirgöngin var metinn á um 60 milljónir kr.

Fyrir mistök fór röng teikning sem sýnir teningar við viktunarplanið með á kynningarfundinn. Meðfylgjandi er rétt teikning sem sýnir hvernig tengingarnar eru hugsaðar. Báðar tengingarnar eru innan deiliskipulagsmarka.

Vegagerðin hefur kannað ítarlega möguleikann á undirgögnum í landi Gunnarshólma, meðal annars með því að grafa könnunarholur. Þær athuganir leiddu í ljós að vegna hárrar grunnvatnsstöðu þyrfti að hækka núverandi- og nýjar akreinar Suðurlandsvegar um að minnsta kosti 3 m sem hefur í för með sér verulegan auka kostnað, gróft áætlaður vel á annað hundrað milljónir. Að auki hefur hærri vegur á þessum slóðum slæm áhrif á hljóðstig umhverfis veginn. Af þessum ástæðum mun Vegagerðin ekki setja undirgöng undir Suðurlandsveg í landi Gunnarshólma.

Skv. nýsamþykktu aðalskipulagi Kópavogsbæjar er reiðleiðin teiknuð á þessum slóðum, í landi Gunnarshólma, og hefur Vegagerðin ekki gert við það athugasemdir.

Hljóðmönin er sett á skipulag og er hluti af fyrirhuguðu verki ekki síst eftir ábendingar frá landeigendum Gunnarshólma. Nánari útfærsla hljóðmanar verður unnin í samráði við landeigendur.

Bestu kveðjur



Gísli Gíslason

Verkefnastjóri
stoðeild mannvirkjasviðs

gisli.gislason@vegagerdin.is

Project Manager
Geology and Road Technology

[+354 208 60 5656](tel:+354208605656)

[+354 208 522 1089](tel:+3542085221089)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

Sent from [Outlook for iOS](#)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

From: Gísli Gíslason - VG <gisli.gislason@vegagerdin.is>
Sent: Friday, September 30, 2022 1:55 PM
To: Friðleifur Egill Guðmundsson <fridleifur@fglegal.is>; Elín Mjöll Lárusdóttir <elinml@kopavogur.is>
Cc: "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>; Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>
Subject: RE: Breikkun Suðurlandsvegjar

Sæll Friðleifur.

Svör, a.m.k. þau sem snúa að Vegagerðinni, verða send þér strax í byrjun næstu viku.

Bestu kveðjur,



Gísli Gíslason

Verkefnastjóri
stoðeild mannvirkjasviðs

gisli.gislason@vegagerdin.is

Project Manager
Geology and Road Technology

[+354 +354 860 5656](tel:+354228605656)
[+354 +354 522 1089](tel:+3542285221089)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurlhraun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

From: Friðleifur Egill Guðmundsson <fridleifur@fglegal.is>
Sent: föstudagur, september 30, 2022 13:39
To: Elín Mjöll Lárusdóttir <elinml@kopavogur.is>
Cc: "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>; Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; Gísli Gíslason - VG <gisli.gislason@vegagerdin.is>
Subject: Re: Breikkun Suðurlandsvegjar

Góðan daginn

Ég vildi minna á síðasta póst frá mér. Get ég vinsamlegast fengið umbeðnar upplýsingar og svör sem fyrst?

Takk og góða helgi.
Friðleifur

On 22 Sep 2022, at 13:38, Friðleifur Egill Guðmundsson <fridleifur@fglegal.is> wrote:

Sæl öll og takk sömuleiðis fyrir fundinn

Ég er að vinna að athugasemdum fyrir eigendur Gunnarshólma vegna deiliskipulagsins. Það voru nokkur atriði sem mér fannst ekki alveg skýr í gær. Ber þar helst að nefna nýja veltenginguna sem nefnd er Hraunslóð og liggur suðaustan við Hólmsá. Samkvæmt teikningum sem lágu á borðinu í gær (sjá

meðfylgjandi) þá er gert ráð fyrir nýjum vegtengingum semfer annars vegar inn á Oddfellow blettinn og inn á Hraunslóðann og hins vegar inn á suðurtún Gunnarshólma, fram hjá vigtunarplaninu og aftur inn á Suðurlandsveginn. Eins og ég benti á í gær þá virðist ekki vera gert ráð fyrir þessum tenginum í deiliskipulags áformunum. Hvað þýðingu hefur þetta? Munið þið breyta deiliskipulaginu, ef það er almennt hægt, eða rúmast vegurinn innan núverandi tillögu. Ef hann gerir það þá er spurningin hvort það sé alveg á hreinu að vegurinn liggi innan veghelgunarsvæðisins. Vinsamlegast framvísið návæmum teikningum og upplýsingum um hvernig þið sjáið þetta fyrir ykkur.

Einnig óska ég eftir sundurliðun á kostnaði fyrir einstaka þætti framkvæmdarinnar. Ég er aðallega að fiska eftir kostnaði við reiðstíginn. Ég gengt út frá því að hann hafi verið kostnaðarmetinn sérstaklega þar sem við höfum ekki séð hann á teikningum fyrr en nýverið þegar deiliskipulagstillagan var kynnt fyrr í þessum mánuði. Einnig myndi ég vilja upplýsingar um kostnað við undirgöng sem virðist aðallega ætlað að þjóna hestafólki. Í þessu samhengi þá vil ég spyrja hvort hætt hafi verið við fyrri tillögu frá Vegagerðinni um að gera undirgöng nær Hólmsá með það fyrir augum að eigendur Gunnarshólma gætu farið óhindrað á milli túna norðan og sunnan vegar. Ef hægt er að setja undirgöng á þessum stað þá væri hægt að beina hestaumferð frá íbúðarhúsunum á Gunnarshólma. Einnig vil ég benda á að mun skemmtilegri reiðleið væri norður fyrir Gunnarshólma upp með Geithálsi og inn á land Elliðakots. Við höfum hjólað þar eftir þokkalegum slóða sem gæti vel nýst sem reiðvegur. Það er lítið spennandi í okkar huga að ríða meðfram tvíbreiðum þjóðvegi aftan við hljóðmön. Vinsamlegast endurhugsid þennan reiðstíg og það væri áhugavert að sjá aðrar útfærslur sem fyrst. Einnig velta eigendur Gunnarshólma hvort meint hljóðmön sé í reynd (reiðmön) til að skýla hestum frá Suðurlandsveginum. Er það tilfellið?

Mbkv.
Friðleifur

On 22 Sep 2022, at 12:34, Elín Mjöll Lárusdóttir
<elinml@kopavogur.is> wrote:

Sæll Friðleifur,

Takk fyrir fundinn í gær. Þau sem eru í þessu verkefni frá Vegagerðinni og voru á fundinum í gær eru þau Erna Bára, forstöðumaður, Gísli, verkefnastjóri og Ólafur Thorlacius, tæknifræðingur. Ég áframsendi þennan póst á Ernu Báru og Gísla og þau geta svarað þér. Hef þau í cc.

Kær kveðja
Elín Mjöll
Arkitekt
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 0000 | elinml@kopavogur.is

<image001.jpg>

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

From: Friðleifur Egill Guðmundsson <fridleifur@fglegal.is>
Sent: fimmtudagur, 22. september 2022 10:50
To: Bergljót Sigríður Einarsdóttir <bergljote@kopavogur.is>

Subject: Breikkun Suðurlandsvegur

Sæl Bergljót

Konan á skiptiborðinu hjá Kópavogsbæ benti mér á að tala við þig vegna deiliskipulagstillögu sem varðar breikkun á Suðurlandsveginum frá Fossvöllum að Hólmsá. Ég sótti opin fund í gær vegna málsins og þar voru þrír aðilar frá Vegagerðinni. Geturðu gefið mér upplýsingar um hvaða aðilar þetta voru og í framhaldinu mun ég hafa beint samband við þau varðandi nánari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir. Ég ætla að óska eftir sundurliðun á kostnaði en ef þið hafið það undir höndum væri mjög hjálplegt að fá afrit af því.

Mbkv.
Friðleifur

Friðleifur Egill Guðmundsson
Lögmaður / Attorney at Law | FG Legal slf.
mobile: [+354 661 4585](tel:+3546614585)
email: fridleifur@fglegal.is
skype: [fridleifur.gudmundsson](https://www.skype.com/user/fridleifur.gudmundsson)
address: Hafnartorg - Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík



Friðleifur Egill Guðmundsson
Lögmaður / Attorney at Law | FG Legal slf.
mobile: [+354 661 4585](tel:+3546614585)
email: fridleifur@fglegal.is
skype: [fridleifur.gudmundsson](https://www.skype.com/user/fridleifur.gudmundsson)
address: Hafnartorg - Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



Legal

Friðleifur Egill Guðmundsson

Lögmaður / Attorney at Law | FG Legal slf.

mobile: +354 661 4585

email: fridleifur@fglegal.is

skype: [fridleifur.gudmundsson](https://www.skype.com/user/fridleifur.gudmundsson)



address: Hafnartorg - Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík

^

V

^

V



Skýringar:

Landmalingur: Vegagerðin og hnit vefkræðistola
Hnitakerfi: SN93
Löfmyndisaka og myndmaling: Löfmyndir ehf.

Örnvegan
Núverandi yfirborð
Aðaltábur burðarhættir toln
Aðaltábur Mopp

Tenging við núverandi veg rólín

Vegagerðin

Hringvegur 2. áfangi
Holmsá - Lögbergstréka
Grunnmynd og löngsná
Tenging að Silungapollu V-2500
Mál: 1:2000 1:400

D-203

^

V

^

V

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Kerstin Andersson <laekjar@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 00:07
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir vegna hlidarvegs Lögbergsbrekka og fleira

Godan dag,

Ég sendi hér athugasemdir vardandi nýs hlidarvegs í Lögbergsbrekku og annarra vegamála tengdum Laekjarbotnasvaedinu og adkomu Waldorfskólans í Laekjarbotnum ásamt Waldorfsleikskólans Yls. Vinsamlegast stadfestid mottöku thessa posts og ad hann hafi verid faerdur til bókar.

Fra Sudurlandsvegi thjodvegi 1, eru rum 900 metrar ad Waldorfskolanum i Laekjarbotnum og thar er einnig Leikskolinn Ylur.

Med starfsfolki eru um 120 manns sem fara um veginn allan arsins hring.

Starfsemin hefur verid her i 32 ar. Eg hef séd um snjomokstur og akstur barna öll thessi ar. Ad minu mati og adila sem eg tel malsmetandi hvad vardar vegamannvirki

tha er einsýnt ad thessi nýji hlidarvegur fra Tröllabörnum og upp Lögbergsbrekku verdur erfidur eda ofaer jafnvel ad litlu tilefni og hafa yfirmenn fra rutufyrirtækinu Teitur Jonasson sem sja um hluta skolaaksturs okkar metid hann mjog haettulegan i halku og vetrarfaerd. Rutur sem keyra börnin hingad daglega eru fra 50 og upp i 70 saeta rutur. Einnig fara margir einkabilar her um, til og fra skolunum, foreldrar, kennarar og annad starfsfolk tharf ad komast leidar sinnar.

Verklök eru aaetlud i naesta manudi og thad örlar ekki fyrir efndum a vidunandi tengingum vid thjodveg 1.

Hlida vegurinn fra Tröllabörnum og upp Lögbergsbrekku getur vel virkad i godri faerd og vid godar adstaedur, en thad er ljóst ad ekki thurfi mikla sjokomu til ad hann verdi ofaer thar sem hann liggur utan i hlidum vida a leidinni.

Lagt hefur verid til ad skolaruturnar og starfsfolk fari aukakrok upp ad Bláfjallaafleggjaranum thegar hlida vegurinn er ofaer. Ekki ef, en thegar hlida vegurinn fra Tröllabörnum verdur ofaer tha er ekki hægt fyrir skolana ad senda börnin um 8 km auka leid, en thad var lagt til sem lausn vid thannig adstaedur.

Vid erum med allt fra 2 ara börnum og upp ur og thetta mundi lengja leidina oásættanlega mikid, og ekki eru öruggar adstaedur til ad snúa stórum rútum vid Bláfjallaafleggjarann, rútum fullar af börnum, og sérstaklega ekki í vondum vedrum.

Ein lausn a thessu vaeri ad bua til hlida veg upp ad Fossvallarrett thar sem slaufa er skipulögd, eins og okkur skildist vaeri aaetlaid.

Eins og nefnt er hér ofan er lega vegarins í landinu thannig ad snjór mun fljótt safnast á veginum og snjomoksturinn tharf ad tryggja, en nýji hlida vegurinn lengir leidinni um helming og ljóst ad thad verdi mikid verk ad halda veginum öruggum og faerum.

Sem atvinnubílstjóri bid ég ad öryggi barnanna og annarra sem thurfa ad fara hér um, til og frá skólanum, verdi haft í fyrirrúmi og hvergi slegid af theim kröfum vid lokahönnun vegatengingar Laekjarbotnasvaedisins vid thjodveg 1.

Virdingarfyllst,

Gudjon Trausti Árnason
Laekjarbotnaland 53
206 Kópavogur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Helgi M. Valdimarsson <helgi@hd.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 10:50
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna vegaframkvæmda við Lögbergsbrekku

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa póst og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldri barns við Waldorfskólann í Lækjarbotnum lýsi ég yfir áhyggjum mínum vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

Virðingarfyllt,

Helgi Magnús Valdimarsson

Kær kveðja / Kind regards,

Helgi M. Valdimarsson



Helgi M. Valdimarsson
Tækniþjónusta og ráðgjöf

+354 660 3627
helgi@hd.is
www.hd.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Skipulagsdeild Kópavogs

Eftirfarandi athugasemdir eru settar fram fyrir hönd íbúa að Lækjarbotnalandi 53e.

Við fögnum því að ráðist skuli í breikkun Suðurlandsvegar á þessum kafla og bundum vonir við að aðgengi að Waldorfskólanum í Lækjarbotnum, Waldorfleikskólanum Yl og þeim íbúðarhúsum sem tengjast starfseminni mundi batna og verða hættuminni. Þær vonir virðast ekki ætla að rætast. Það sætir furðu að ekki skuli vera tekið meira tillit til þess að daglega koma og fara yfir 100 einstaklingar; leikskólabörn, grunnskólabörn, starfsfólk, foreldrar og íbúar að og frá Lækjarbotnalandi 53 (gamla Kópasel). Þar er um að ræða tvær hópferðabifreiðar og á annan tug einkabíla fyrir utan þann vaxandi fjölda fólks sem kemur að Lækjarbotnalandi 53 til að njóta útivistar.

Við skipulagningu framkvæmdanna var ekki haft samráð við forsvarsfólk starfseminnar í Lækjarbotnum og miðað við umfjöllun í greinagerð d. 30.06.2022 hefur þeirri umferð sem fylgir starfseminni og byggðinni að Lækjarbotnalandi 53 lítill gaumur verið gefinn.

Umrædd starfsemi hefur verið á þessum stað í yfir 30 ár og fyrir liggur reynsla og þekking á veðrum og snjóalögum. Sú lausn á aðgengi frá Lækjarbotnalandi 53 sem nú er verið að framkvæma er af reyndum bílstjórum talin hættuleg fyrir stórar hópferðabifreiðar að vetrarlagi. Ekki hefur verið gert neitt samkomulag um hvernig staðið verði að snjóruðningi á þeim vegarkafla sem tengir Lækjarbotnaland 53 við Suðurlandsveg. Með þessu er verið að skapa mikla óvissu um framtíð starfseminnar að Lækjarbotnalandi 53.

Við gerum alvarlegar athugasemdir við það hvernig staðið hefur verið að skipulagningu framkvæmdanna sem og þær lausnir sem verið er að framkvæma, þ.e. þann vegarkafla sem tengir Lækjarbotnaland 53 við Suðurlandsveg, sem mun torvelda mjög umferð að vetrarlagi svo hún getur orðið mjög varhugaverð fyrir hópferðabifreiðar.

Íbúar að Lækjarbotnalandi 53e

Inger S. Steinsson

Eiríkur K. Gunnarsson

Ilmur Sól Eiríksdóttir

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Kerstin Elisabet Andersson <kerstina@icelandtravel.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 10:43
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir vegna hliðarvegs v Lögbregbrekku og tengingar milli Lækjarbotna og Suðurlandsvegur - Kerstin Andersson íbúi og fyrrum kennari

Góðan daginn,

Vinsamlegast staðfestið að þessi póstur hefur veit móttekin og færður til bókar,
Athugasemdirnar eru v **tillöga að deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ.**

Nafn mitt er Kerstin Andersson og ég er íbúi í Lækjarbotnum til margra ára og er einnig fyrrum kennari í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum,
Starfaði þar í 22 ár.
Þar af leiðandi hef ég mikla reynslu af aðstæðum hér.

Ég vil koma eftirfarandi athugasemdir á framfæri:

Þegar ég skoða nýja hliðarveginn við Lögbergsbrekku eru fleiri kaflar þar sem vegurinn liggur utan í hlið og umhverfið mun hærra enn vegurinn,

Þar mun snjór safnast saman í skafla jafnvel við litla snjókomu.

Hallinn er einnig mikill á einum stað og þar er að auki beygja á veginum, þar getur skapast hætta fyrir stórar rútur að lenda út af – hér keyra rútur daglega um frá 50 og upp í 70-sæta – þegar er hálka eða slæmar aðstæður.

Svo er hliðin sem snýr að þjóðveginum mjög hár eða sums staðar mjög há, milli 3 – 7 metra mundi ég meta.

Þetta er allt atriði sem geta skapað hættu og þess vegna mjög mikilvægt að öryggi allra barna og annarra sem fara hér um

Verði tryggt.

Hér þarf að tryggja snjómoksturs þjónustu í forgang eins og aðrir skólar hafa, skólinn hefur ekki bolmagn til þess enda lengir nýji hliðarvegurinn leiðina að Suðurlandsvegi um helming.

Vegahandrið mundi ég telja nauðsynlegt þar sem hliðarnar eru sums staðar svo brattar og langt

Niður, og það er kannski þegar inni í skipulagi.

Núverandi afleggjari að skólanum er allt annars eðlis – liggur ekki utan í hliðum og er með mjög afliðandi hliðar sem eru heldur ekki hátt yfir umhverfið.

Sjá einnig athugasemdir hér neðan:

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærðar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekku.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé mun lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum.

Ég tel mjög brýnt að nýji hliðarvegurinn og yfir höfuð akstursleiðir til og frá skólunum báðum – hér eru um 120 manns sem fara um veginna daglega –

Verði frágengin þannig að þetta séu öruggar leiðir að aka með börnunum og fyrir alla aðra.

Ég bið ykkur vinsamlegast að staðfesta móttöku á þessum athugasemdum,

Kær kv og þakkir,
Kerstin



Kerstin Elisabet Andersson

Travel Expert

Production & Operations

kerstina@icelandtravel.is



Umsögn um deiliskipulag Suðurlandsvegur

14.10.2022

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2022 var farið fram á umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Náttúrufræðistofan fagnar þessari framkvæmd í ljósi aukins umferðaröfýggis en þarna er um afar fjölfarna leið að ræða. Einnig að horft sé til fleiri ferðamáta og öryggis þeirra eins og hjólreiðaleiðir sem og reiðleiðir. Umferðaröryggið lýtur einnig að þeim þungaflutningum sem fara um veginn og þá einkum olíuflutningar sem þarna eru mjög miklir en vonandi heyra þeir sem fyrst sögunni til með umskiptum í orkunotkun. Á það ekki síst við vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði neysluvatns, bæði Höfðuborgarsvæðisins og Ölfuss. Þá er mikilvægt að taka undir áherslu á verklag og viðbrögð verktaka komi upp einhver óhöpp á framkvæmdartíma. Mikilvægt er einnig að taka undir ráðstafanir, ekki síst nálæg Hómsá/Bugðu, til að geta brugðist við óhöppum sem kunna að verða tengd umferðinni. Þar er tenging við viðstkerfi Elliðavatns og Elliðaánna sem er nú þegar undir nokkru álagi vegna mannlegra framvæmda. Áhrif óhappa geta teygt sig nokkuð langt uppeftir þar sem rennsli Fossallaár er leitt í gegn um Náthagavatn og svo Hólmsá niður í Elliðaár.

Þá skal benda á mikiilvægi þess að viðra friðslýsingu Tröllabarna og annarra svæða sem njóta verndar, hversu nafni sem hún nefnist, bæði á framkvæmdatíma sem og að óhöpp bitni ekki á friðlýstum svæðum.

Finnur Ingimarsson
Forstöðumaður
Náttúrufræðistofu Kópavogs

From: Pétur Gauti Valgeirsson <pgv@simnet.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 12:54
To: Skipulag
Cc: Magnea Tómasdóttir
Subject: Breikkun Suðurlandsvegur við Lækjarbotnavegamót og nýr tengivegur við Lækjarbotn

Til: skipulag@kopavogur.is

Efni: Breikkun Suðurlandsvegur og áhrif á Waldorfskólana í Lækjarbotnum

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa skeytis.

Ágæta Skipulagsráð Kópavogs

Við sem Kópavogsbúar og foreldrar barna í Waldorfskólanum í Kópavogi gerum eftirfarandi athugasemdir vegna vegaframkvæmda við Suðurlandsveg Fossavelli – Lögbergsbrekku.

Við fögnum því að Suðurlandsvegur sé breikkaður og þar með umferðaröryggi bætt.

Við hörmum hins vegar afgreiðslu skipulagssviðs Kópavogsbæjar til Vegagerðarinnar og Eflu þar sem ekki var sagt frá tilurð skólans í upphafi skipulagsvinnunar. Okkur þykir það mikil handvömm að gleyma heilum skóla sem hefur verið starfræktur í bæjarfélaginu í rúmlega þrjátíu ár og teljum það ámælisvert. Ekkert samtal átti sér stað við skólann af hálfu skipulagssvið til að fá sjónarmið þeirra sem um varðar og teljum við það gamaldags vinnubrögð og ekki það sem Kópavogsbær vill standa fyrir. Við viljum gjarnan að farið sé ofan í saumana á þessum vinnubrögðum og væntum svara við því. Einnig finnst okkur skrítið að tekið sé meira tillit til sáralíttillar umferðar hestamanna en daglegrar umferðar skólabarna, í stórum skólarútum.

Lækjarbotnar

Lækjarbotnum má í raun skipta í tvö svæði þ.e. skólasvæðið (samfélagsreitur) og frístundabyggð. Mikil skógrækt hefur verið iðkuð á vegum skólans í þrjátíu ár á svæðinu og er svæðið því í dag mikil útivistarparadis sem mikið er notuð af almenningi. Skólalóðin í Lækjarbotnum er öllum opin ef ekki er skólatími eins og allar aðrar skólalóðir bæjarins. Lækjarbotnar er vinnustaður rúmlega hundrað barna og fullorðinna sem fara um veginn alla virka daga. Einnig er svæðið ein af útivistarperlum Kópavogsbæjar. Með aukinni skógrækt Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Skógræktar Kópavogs mun svæðið verða enn áhugaverðara til allrar útivistar fyrir almenning (græni trefillinn). Einnig er gott berjaland í Lækjarbotnum, bæði krækiber og bláber.

Hefð er fyrir því að börn hjóli í efstu bekkjum skólans komi hjólandi á skólasetningu og skólaslit. Það vantar betri tengingu við hjólastígakerfi höfuðborgarsvæðisins nálægt Elliðavatni eða Rauðavatni. Einnig væri æskilegt að bæta þessa tengingu svo að þeir sem sækja Lækjarbotna heim (hvort sem er vegna skóla, starfs, útivistar eða af öðrum ástæðum) geti komið hjólandi, bæði á reiðhjólum og rafhjólum. Það bæði eflir lýðheilsu og eykur fjölbreytni samgangna.

Langflestir sem eiga erindi í Lækjarbotna (skólabörn og starfsmenn) koma annars staðar frá. Flestir frá höfuðborgarsvæðinu, en einnig frá Suðurlandi og Suðurnesjum. Því verður að vera góð vegatenging við Suðurlandsveg í báðar áttir og fært alla daga ársins. Um og yfir 100 manns eiga dagalega erindi í Lækjarbotna.

Hliðarvegur

Við höfum áhyggjur af þeim hliðarvegi sem er verið að gera. Við sem höfum verið í Lækjarbotnum í mörg ár vitum að það er mikil snjósofnun þar sem nýi vegurinn er og ekki hefur verið gengið frá snjómokstri á

Þessum vegi. Vegurinn er 1200 metrar og það er ómögulegt fyrir skólann að taka á sig snjómokstri á þessum vegi. Rúturnar sem keyra með skólabörnin eru misstórar en stærsta rútan er 60 - 70 manna. Einnig verður töluverð umferð foreldra og starfsmanna skólans um þennan veg, sem og íbúa svæðisins og gestkomandi.

Hátt og bratt er niður af nýja hliðarveginum og hætta á ferðum ef bíll rennur til í hálku eða hliðarvindi.

Á þessu svæði getur snjóað töluvert mikið, en einnig er vindasamt á svæðinu og getur dregið í stóra skafla. Því er það algjört lykilatriði að hugað sé vel að snjómokstri á þessari leið og að snjómoskstur sé í fyrsta forgangsflokki. Börnin mæta í skólann uppúr 8:30 á morgnana, kennarar og starfsmenn fyrr. Núna er ein rúta gerð út á vegum skólans og fer hún því frá Lækjarbotnum uppúr 7:00 á morgnana og þá verður vegurinn að vera fær. Skólastarf er til um 15:00, en kennarar eru oft lengur (undirbúningur kennslu og kennarafundir).

Eins og hjá öðrum skólum þá er skólaárið í Lækjarbotnum yfir vetrarmánuðina. Sú staðreynd að mikið getur snjóað á svæðinu er einn af kostum Lækjarbotna, því þá börnin tækifæri til að leika sér í snjónum, t.d. renna sér á skíðum og sleðum, en hvort tveggja er mjög vinsælt, en líka byggja snjóhús og fara í snjókast. Það eru ekki margir skólar á höfuðborgarsvæðinu sem hafa svona gott útisvæði og jafn góðar sleðabrekkur.

Almenningssamgöngur

Á okkar tímum er alltaf verið að tala um bættar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og fólk eigi að leggja bílnum og nota t.d. strætó og hjól. Þetta vegna er það mjög undarlegt og í raun óvænt, að þegar lagt er af stað í jafn stóra vegaframkvæmd sem þessa, að ekkert sé hugað að þessum málum. Mikilvægt er að rör undir veginn sé ekki einungis fyrir hross heldur líka mannfólk, bæði börn úr Waldorfskólanum og fólk sem nýtir svæðið til útivistar, jafnt gangandi sem hjólandi.

Mikilvægt er að hægt sé að fara um allt bæjarland Kópavogs í almenningssamgöngum og hefur skólinn í gegnum árin haft samband við Vegagerðina og Strætó hvað þetta varðar. Waldorfskólinn í Lækjarbotnum er mjög sjálfbær skóli og vill alla möguleika til öruggra vistvænna samgangna.

Eðlilegt væri að Strætó geti stoppað á öruggri stoppistöð við Lækjarbotnaafleggjarann og haldið svo áfram sína leið, hvort sem er til eða frá Höfuðborgarsvæðinu.

Okkur finnst sem Kópavogsbúum að þarna hefði skipulagssvið átt að eiga samtal við þá sem nýta svæðið hvað mest til að vita hver þörfin í rauninni er.

Öryggi

Allt of löng leið er að Bláfjallavegi og það lengir leiðina um 10-12. Ekki er heldur gert ráð fyrir á vegamótum Bláfjallavegar og Suðurlandsvegar að hægt sé að snúa við þar. Það er að segja, það er ekki hægt að koma frá Lækjarbotnum og beygja til hægri inn á Bláfjallaveg og taka U-beygju þar til vinstri og komast þannig inn á Suðurlandsveg í átt til Reykjavíkur. Þetta er kannski hægt á liprum smábíl, en ekki á stærri farartækjum og alls ekki á 60 sæta rútu. Ef þetta er reynt þá þýðir það að það er bíll þvert á veginn og skapar mikla hættu fyrir aðra umferð, sem kemur á miklum hraða af Suðurlandsvegi eða frá Bláfjöllum. Við vetraraðstæður með snjó og hálku og jafnvel takmörkuðu skyggni eru aðstæður jafnvel enn verri. Ekkert snúningsplan er nálægt fyrr en uppi á bílastæði við Bláfjöll (sem eru 10-12km í viðbót, aðra leið). Á leiðinni þangað eru 2-3 lítill stæði, en þau eru ekki skafin á veturnar og bratt niður á það fyrsta af þeim, og því eru þau ekki nothæf að vetrarlagi.

Þar að auki er allt annað veðurfar uppi á Sandskeiði en í Lækjarbotnum, bæði meiri snjór og meiri vindur.

Það er líka óþægileg tilhugsun að vita að ef slys verður að vetarlagi að aðkoma sjúkrabíls, slökkviliðs og lögreglu sé ekki 100% tryggt.

Með bestu kveðju

Pétur Gauti Valgeirsson (0705705649) pgv@simnet.is

Magnea Tómasdóttir (100369-5759) magneatomasdottir@gmail.com

Foreldrar skólabarna í Lækjarbotnum og Kópavogsbúar.

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Salbjörg Guðjónsdóttir <salbjorg@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 11:17
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir við Deiliskipulagi, vegaframkvæmdir

Lækjarbotnar 2022-10-13

Athugasemdir og ábendingar varðandi vegaframkvæmdir á Suðurlandsvegi við Fossvelli og Lögbergsbrekku.

Sem íbúi í Lækjarbotnalandi 53 hef ég athugasemdir við hliðarveginn sem verið er að gera fyrir skóla, leikskóla og íbúa í Lækjarbotnum sem tengingu út á Suðurlandsveg.

- Þessi hlíð sem vegurinn stendur í, undir klöppinni er mikil snjó söfnun og mun vera ófært mestan hluta febrúar mánaðar ef veður er eins og síðasti vetur var.
- Hvorki Kópavogsbær né Vegagerð hefur fullvissað okkur um hver ber ábyrgð á mokstri á veginum.
- Undirgöng eru fyrir hestamenn og því ekki öruggt fyrir gangandi vegfarendur.
- Að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þegar sá vegur er lokaður hljómar að mínu mati sem mjög furðuleg lausn ef horft er á öryggi í umferð þar sem veður versnar og snjór safnast enn meira saman því ofar sem farið er, í austur.

Virðingarfyllst,

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Soley Omarsdottir <soley1106@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 12:51
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna framkvæmda

Góðan dag

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pösts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann og aðilar sem hafa ekið heiðina daglega yfir styttri og lengri tímabil lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum.

Kær kveðja

Sóley Ómarsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: steinar O hannesson <dyeuno@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 00:01
To: Skipulag
Subject: Vegaframkvæmdir og deiliskipulag við Lögbergsbrekku

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pösts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann og aðilar sem hafa ekið heiðina daglega yfir styttri og lengri tímabil lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabýggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

Virðingarfyllt,

Steinar Orri Hannesson
Claudia Andrea Molina Agulera

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Teitur Jónasson Ehf. <info@teitur.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 09:51
To: Skipulag
Subject: Athugasemd við tillögu að deiliskipulagi : Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ

Kópavogi 14. október. 2022.

Til þess er málið varðar.

Hópfærafyrirtækið Teitur Jónasson ehf. hefur um langt árabil annast akstur skólabarna í Waldorfskólann við Lækjarbotna. Í aksturinn eru notaðar stærstu gerðir af rútum – 50 til 70 farþega.

Af langri reynslu þekkjum við að veðuraðstæður geta verið slæmar á þessu svæði að vetri til – enda er þar oft allt annað og verra veður en á höfuðborgarsvæðinu – og slíku fylgja verri akstursskilyrði. Fljótt skefur í skorninga og ófært getur orðið mjög hratt. Mikil þörf er á skjótri hálkuvörn

Vegarspotti sá sem verið er að leggja til hliðar við Suðurlandsveginn - að Waldorfskólanum - er í bratta með háum köntum og erfiðum beygjum svo erfitt getur orðið, eða nánast ómögulegt, að komast hann á stórum rútum með skólabörn.

Með virðingu,

f. h. Teits Jónassonar ehf.

Harald Þór Teitsson framkvæmdastjóri



Coaches – Tour operator

Tel +354 515 2700

Dalvegi 22 - 201 Kópavogi - Iceland

www.teitur.is - info@teitur.is



Guðmundur G. Gunnarsson

From: waldorfmail <viktorh@waldorfskolinn.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 13:04
To: Skipulag
Subject: Breiðkun suðurlandsvegur Athugasemdir

Sem íbúi upp í lækjarbotnum finns mér núverandi lausn varasöm.

Svæðið þar sem að hliðar vegurinn liggur um snjóþungt sem eikur líkur á lokunum svo ekki sé minnst á að vegurinn er mjög hár þannig að ef að til út af aksturs kæmi væri slysið þeim mun verra.

Einnig finnst mér algjört hugsunar leysi að byggja undirgöng einungis til reiðmennsku en ekki til almennara notkunar en samkvæmt staðal um hönnun umferða mannvirkja á að reyna að aðgreina ólík umferð eins og kostur er. En þetta kom líka skýrt fram á opnum fundi miðvikudaginn 21.sept sl. frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólastíg við reiðstíg vegna öryggis allra.

Sjúkra akstur til og frá Lækjarbotna verðu mjög ótryggur vegna líkur á snjóþunga á nýjum hliðar vegi og finnst mér áhyggjuefni að akstursleiðin lengist um 15 mínútur ef hliðarvegurinn er ófær þar sem að um líf og dauða getur verið að ræða.

Sem og að akstur leiðin lengist almennt um 15 mínútur ef hliðarvegurinn er ófær. En ég efa að flestir myndu setta sig við að þurfa allt í einu að bæta við sig heilu korteri í aksturs leið.

Virðingafyllst Viktor Hollanders íbúi í Lækjarbotnum

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar, skipulag@kopavogur.is

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, skipulag@mos.is

Reykjavík, 14.október 2022

Varðar: athugasemdir Waldorfskólans vegna auglýsingar um tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ

Inngangur:

Waldorfskólinn hefur starfað í 30 ár í Lækjarbotnum og er um 130 manna vinnustaður en í skólanum eru um 100 nemendur á leik- og grunnskólaaldri og um 27 starfsmenn. Tvær rútur sjá um skólaakstur, önnur sem er minni 50 manna rúta og hin er stærsta gerð rútu frá Hópförðabílum Teits Jónassonar ehf (70 manna), en fyrirtækið þjónar skólanum í skólaakstri. Aðföng fyrir skólann berast á degi hverjum. Umferð er um Lækjarbotnaveg af hálfu skólans frá 7:30 á morgnana og til 16:30 alla skóladaga ársins. Waldorfskólinn Lækjarbotnum er framsækin skólastofnun en sú hugmyndafræði sem skólastefnan byggist á, Waldorffuppeldis- og kennslufræðin, á sér sterka samsvörun í breytingum á lífsstíl fólks í dag og er skólinn vinsæll valmöguleiki foreldra. Aukin meðvitund um gildi þess að lifa lífinu í hæglæti, góð áhrif náttúrulegs umhverfis á andlega og líkamlega líðan og löngun foreldra til að börn þeirra fái að upplifa og njóta náttúrunnar á skóladeginum. Waldorfskólinn leggur ríka áherslu á upplifunar- og útinám, náttúrufræði er veigamikill hluti af skólanámskránni ásamt list- og verkgreinakennslu. Á hverri skólasetningu gróðursetja nemendur og fjölskyldur trjágræðlinga og er Lækjabotnalandið sú náttúruvin sem það er að hluta tilkomin vegna uppgræðslu skólasamfélagsins síðastliðin 30 ár.

Þann 14. júlí 2021, degi eftir að tilboð í verkframkvæmd á breikkun Suðurlandsvegar voru opnuð fékk skólinn fyrstu upplýsingar um áætlaða vegagerð en þá var fulltrúum skólans boðið á upplýsingafund af fulltrúum Vegagerðarinnar. Á fundinum var tilkynnt um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar á meðan á framkvæmdum á breikkun Suðurlandsvegar stæði og að framkvæmdir yrðu settar af stað þó ekki lægi fyrir leyfi fyrir áætlaðan hliðarveg. Lausn fyrir bifreiðar (starfsmenn Vegagerðarinnar höfðu ekki fengið upplýsingar um skólaakstur) átti að felast í því að bifreiðar sem kæmu úr Lækjarbotnum ættu að snúa við á Bláfjallaafleggjara þar til hliðarvegur yrði tekinn í gagnið. Það tók skólinn ekki í mál og lagði til að mislæg gatnamót fyrir ofan Lækjarbotnaveg (sjá skýrslu EFLU 2009, sameining Bláfjallavegar og Lækjarbotnavegar) væri besti kosturinn. Út frá veðurfarslegu sjónarhorni væri það skynsamlegra og ekki þyrfti að vetrarþjónusta aukalega 1.6 km hliðarveg. Á fundinum kom skýrt fram að hönnuðir Vegagerðarinnar höfðu ekki hugmynd um umsvif skólastarfseminnar og töldu hana víkjandi líkt og fram kemur í aðalskipulagi 2012-2024.

Athugasemdir skólans við auglýsingu um tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegi í Kópavogi og Mosfellsbæ eru eftirfarandi:

- A) Deiliskipulagið virðist fela í sér að útfæra eigi þætti aðalskipulags sem búið er að veita framkvæmdaleyfi fyrir og jafnvel að framkvæma að verulegu leyti: Framkvæmdaleyfi vegna s.k. hliðarvegar var t.d. gefið út hinn 22.07. 2022; <https://www.kopavogur.is/static/extras/files/framkvaemdaleyfi688.pdf>. Framkvæmdaleyfi vegna verulegs hluta Suðurlandsvegar sem deiliskipulaginu er ætlað að lúta að var gefið út 13.10. 2021; <https://www.kopavogur.is/static/extras/files/framkvaemdaleyfi-undirritad.650.pdf>, en framkvæmdir stöðvaðar í kjölfar þess að leyfið var felld úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þann 07.04. 2022. Nýtt framkvæmdaleyfi var gefið út hinn 18.05.2022; <https://www.kopavogur.is/static/extras/files/breikkun-sudurlandsvegar-utgefid-framkvaemdaleyfi-dags-18-mai-2022670.pdf>. Frá útgáfu þess leyfis hafa framkvæmdir staðið yfir á deiliskipulagssvæðinu. Er því framkvæmdum lokið að verulegu leyti á því svæði sem deiliskipulagið lýtur að. Sýnist það samráð sem nýju deiliskipulagi er ætlað að tryggja vera samráð um orðinn hlut að verulegu leyti og að sama marki þýðingarlaust. Setja verður spurningarmerki við hvort það standist lög að slíkt deiliskipulag og skipulagsforsendur sem í því koma fram geti verið nægur grundvöllur framkvæmdaleyfa sem byggja þurfa á deiliskipulagi.
- B) Tillagan er óskýr um útfærslu á s.k. hliðarvegi. Í samantekt á bls. 6 í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er nefndur „hliðarvegur 1+1 milli núverandi vegar að Waldorfskóla og vegar að Lækjarbotnalandi“. Erfitt er að átta sig á því hvort í rauninni sé ætlunin með deiliskipulagstillögunni að deiliskipuleggja umræddan hliðarveg. Í þessu sambandi skal minnt á að búið er að gefa út framkvæmdaleyfi vegna hliðarvegarins, sbr. áður. Vegurinn er þó á svæði sem afmarkað er í fylgiskjali við greinargerð sem skipulagssvæðið. Þótt hann sé nefndur er nánast ekkert fjallað um útfærslu vegarins. Til dæmis vantar að greina frá því hvort hægri beygja verði leyfð frá syðri veghluta Suðurlandsvegar (fyrir umferð til austurs) og til Waldorfskólans í Lækjarbotnum þar sem núverandi afleggjari er og hvort hægri beygja verði leyfð af umræddum afleggjara (til austurs). Þess er krafist að tekið verði af skarið um að slík beygja verði leyfð áfram og áskilnaður gerður um frekari athugasemdir verði ekki orðið við því. Þá er ekki fjallað um það fyrir hvernig umferð umræddur vegur skuli gerður. Efasemdir eru uppi um að hann komi til með að verða fær þeirri umferð sem þessum vegi er ætlað að þjóna, þ.e. umferð stórra fólksflutningabifreiða. Vísað er hér til umsagnar Teits Jónassonar ehf, sem er á fylgiskjali nr. 1. Þá hefði þurft að taka fram hvort vegurinn verði þjóðvegur eða sveitarfélagsvegur og þar af leiðandi hver sé veghaldari. Þar sem fyrirséð er að örðugra mun reynast að halda umræddum hliðarvegi færum heldur en núverandi afleggjara til Waldorfskólans í Lækjarbotnum, a.m.k. yfir vetrarmánuðina, er ljóst að sú breyting sem leiðir af fyrirhuguðu banni á vinstri beygju á og af núverandi afleggjara Waldorfskóla mun gera akstur til og frá skólanum örðugri en nú er. Sýnist fullyrðing í greinargerð með deiliskipulagstillögunni því ekki standast um að deiliskipulagið verði í samræmi við markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að því er lýtur að „greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar“ (kaflí 2.1.2). Er gerð krafa um að tillagan kveði á um vegtengingu við Waldorfskólann í Lækjarbotnum sem uppfyllir slíkt markmið.

- C) Deiliskipulagstillagan byggir á því að stuðst verði við mat á umhverfisáhrifum frá júní 2009. Frá því matið var gert hefur eftirfarandi m.a. gerst:
- a) Stórfelldar breytingar hafa orðið á matsþáttum (þegar matið var framkvæmt var dagleg umferð um Suðurlandsveg að meðaltali um 6.700 á hellisheiði (árið 2007) en var 9.420 á síðasta ári [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hringvegur_2022/\\$file/Hringvegur-2022_net%C3%B0.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hringvegur_2022/$file/Hringvegur-2022_net%C3%B0.pdf). Er um að ræða 41% aukningu.
 - b) Miklar breytingar hafa orðið varðandi atriði sem matið beindist að auk þess sem upphaflega ráðgerð framkvæmd hefur tekið breytingum (mislæg gatnamót virðast aflögð a.m.k. á einhverjum stöðum).
 - c) Aðalskipulag Kópavogs hefur tvívegis verið endurskoðað heildstætt (2012-2024 og 2019-2040). Hafa orðið umtalsverðar efnisbreytingar og áherslubreytingar sem mikla þýðingu hafa við mat á áhrifum framkvæmdar á hagsmuni íbúa og annarra, ekki síst varðandi útivist, vistvænan ferðamáta og almenningssamgöngur.


Telur skólinn það ekki standast lög að styðjast við svo gamalt mat við útgáfu framkvæmdaleyfa (þótt það hafi verið gert við útgáfu framangreindra framkvæmdaleyfa dags. 13.10. 2021 og 18.05. 2022). Því sé ekki eðlilegt að vísa til umræddrar matsskýrslu við deiliskipulagsgerðina.

- D) Í greinargerð, kafla 2.1.1. er fullyrt að deiliskipulagið sé í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu. Þetta er ekki rökstutt og í rauninni rangt; Í umræddum kafla er vísað til þess markmiðs landsskipulagsstefnu að „tengja göngu- og hjólastíga almenningssamgöngukerfinu“. Í deiliskipulagstillögunnni er ekkert vikið að því hvernig stefnt verði að þessu markmiði. Almenningsamgöngur eru um Suðurlandsveg (m.a. strætó) sem liggur um upplönd Kópavogs. Í aðalskipulagi Kópavogs eru háleit markmið er lúta að stígakerfi í upplöndum Kópavogs. Þetta kallar augljóslega á að tekin sé afstaða til samþættingar þessa tveggja á því svæði sem deiliskipulagið tekur til. Til viðbótar skal bent á að í aðalskipulagi Kópavogs er bent á aukinn þátt almenningssamgangna, vistvænan ferðamáta, m.a. með góðu aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og almenningssamgöngur. Er því gagnrýniverð að deiliskipulagstillagan skuli algerlega sneiða framhjá þessu viðfangsefni.

Waldorfskólinn hefur bent bæði Kópavogsbæ og Vegagerðinni á nauðsyn þess að hafa undirgöng undir Suðurlandsveg fyrir gangandi og hjólandi umferð þannig að nýtist nemendum og kennurum skólans við að koma sér til og frá skóla með strætisvögnum sem ganga milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Eðlilegt er að deiliskipulagstillagan geri jafnframt grein fyrir útfærslu á strætóstoppistöð í námunda við undirgöngin. Göngin yrðu ekki einungis til þess að mæta þörfum skólans heldur myndu þau tengja saman útivistarsvæði beggja vegna Suðurlandsveg og auka þar með gildi þeirra fyrir þá sem kjósa útivist og hreyfingu sér til heilsuþótar. Væri þetta gert væri hægt að standa við þau orð í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að hún væri í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu, auk þess sem slíkt væri í samræmi við markmið aðalskipulags Kópavogs, sbr. áður.

Fyrirvari er gerður um að koma að frekari athugasemdum, gefi viðbrögð sveitarstjórna og/eða annarra aðila tilefni til.

F.h. Waldorfskólans Lækjarbotnum

F.H. ARNORSSON H.

Arnór Halldórsson hrl

Meðf.:

1. Tölvupóstur frá Teiti Jónassyni ehf, dags. 13.10.2022

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Hjördís E. Harðardóttir

From: Hildur Margretardottir <waldorfskolinn@waldorfskolinn.is>
Sent: 13. október 2022 16:59
To: Arnór Halldórsson
Subject: Fwd: Umsögn um veg

Sæll Arnór

Fékk þetta frá Teit Jónassyni rétt í þessu.

Kv. Hildur



Hildur Margrétardóttir
Skólastjóri
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
Lækjabotnaland 53, 203 Kópavogur
waldorfskolinn@waldorfskolinn.is
www.waldorfskolinn.is
Sími: 587 4499

Begin forwarded message:

From: Teitur Jónasson Ehf. <info@teitur.is>
Subject: Umsögn um veg
Date: 13 October 2022 at 16:57:15 GMT
To: Waldorfskólinn í Lækjarbotnum <waldorfskolinn@waldorfskolinn.is>

Sæl Hildur.

Hér að neðan er umsögn vegna lagningar vegarins að Waldorfskólanum. Þú kemur þessu rétta boðleið.

K. kv.,
Jónas Haraldsson

Kópavogi 13. október. 2022.

Til þess er málið varðar.

Hópfæðafyrirtækið Teitur Jónasson ehf. hefur um langt árabil annast akstur skólabarna í Waldorfskólann við Lækjarbotna. Í aksturinn eru notaðar stærstu gerðir af rútum – 50 til 70 farþega.

Af langri reynslu þekkjum við að veðuraðstæður geta verið slæmar á þessu svæði að vetri til – enda er þar oft allt annað og verra veður en á höfuðborgarsvæðinu – og slíku fylgja verri akstursskilyrði. Fljótt skefur í skorninga og ófært getur orðið mjög hratt. Mikil þörf er á skjótri hálkuvörn

Vegarspotti sá sem verið er að leggja til hliðar við Suðurlandsveginn - að Waldorfskólanum - er í bratta með háum köntum og erfiðum beygjum svo erfitt getur orðið, eða nánast ómögulegt, að komast hann á stórum rútum með skólabörn.

Með virðingu,

f. h. Teits Jónassonar ehf.

Harald Þór Teitsson framkvæmdastjóri



Coaches – Tour operator

Tel +354 515 2700

Dalvegi 22 - 201 Kópavogi - Iceland

www.teitur.is - info@teitur.is



Guðmundur G. Gunnarsson

From: Thorunn Moa Gudjonsdottir <moa_ississ@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 12:54
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir við vegaframkvæmdir

Sæl/sæll,

Vinsamlegast staðfestið að þessi póstur hefur verið móttækin og færður til bókar. Athugasemdirnar eru vegna tillögu að deiliskipulagi Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Hef búið í Lækjarbotnum síðan haustið 1991, upplifað allskonar veður og mis þunga vetra. Síðan 1991 hefur byggðin stækkað og er komin töluvert nær okkur í Lækjarbotnum og mun bara koma nær. Af hverju eru þá ekki þegar gerðar ráðstafanir fyrir því hvernig byggðin mun líta út eftir 5 til 10 ár og gera almennileg lausn sem að hentar okkur sem að þegar hérna búum? Fólkið sem að býr hérna í Lækjarbotnum eru einnig þátttakendur í atvinnulífinu m. a. á Landspítalanum, ferðaiðnaðinum og fl., það er fáránlegt að við sem að keyrum dagsdaglega í bæinn þyrftum að gera ráðstafanir ef að spáin er slæm út af lélegri reddingu af ykkar hálfu sem að þið munið hvort eð er þurfa að breyta eftir einhver ár. Áhrifin sem að þetta mun líka hafa á okkar lífsgæði!!

Við borgum skatta og hjálpum til í samfélaginu, eigum við ekki rétt á almennilegum vegi?

Það eru engar samgöngur í boði hérna Lækjarbotnum og þurfa þess vegna allir að vera á bíl, það er því nokkuð augljóst að vegurinn þarf að vera í góðu ástandi allan ársins hring!

Sé ekki alveg hvernig það á að gerast með þessum hliðar vegi? Síðan að leikskólinn og skólinn hófu starfsemi sína í desember 1990 hefur hvorki vegagerðin né Kópavogsbær rutt snjóinn af okkar vegi þó að ykkur beri skylda til þess og trúir því ekki að þið séuð að fara að sjá um að skafa þennan nýja hliðar veg.

Kveðja,

Þórunn Moa Guðjónsdóttir

Skickat frá min iPhone

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Elísabet Heiður Jóhannesdóttir <elisabetheidur@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 17:14
To: Skipulag

Sæl veriði.

Vona innilega að Kópavogsbær hætti að mismuna börnunum okkar og sjái til þess að þau séu jafn örugg í Lækjarbotnum og annarsstaðar í Kópavogi.

Foreldrar skólabarna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gera eftirfarandi alvarlegar athugasemdir vegna framkvænda breikkunar á suðurlandvegi Fossavellir-Lögbergsbrekka:

- Snjómosktur á vegakafla, aukavegi kring um Tröllabörn. Það er ekki fyrirsér hver taki að sér að halda veginum opnum og hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafli fái forgang í snjóruðningi eins og aðrir skólar. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað enda hefur ekki verið leita til skólans með okkar vitneskju þar að leitandi. Vegakafllinn liggur töluvert hærra en aðalbraut suðurlandsvegur og því má gera ráð fyrir mikilli snjóasöfnum yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.
 - Almenningsamgöngur. Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum vegna strætó sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerðis og Selfoss.
 - Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikurdaginn 21.sept sl. kom skýrt fram frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólaleið við reiðstíg vegna öryggis allra.
 - Engin gögnu- og hjólaleið á skipulaginu. Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóli saman í skólann á skólaþingi og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafli hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oft, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.
- Í stefnu umhverfisviðs Kópavogs kemur skýrt fram að uppbygging gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningssamgagna séuð hafðir að leiðarljósi U.2.2 Það er ekki að sjá að það hafi og sé gert ráð fyrir að uppfylla það á þessum vegi sem umræðir, hvort heldur er vegurinn í kring um Tröllabörn eða suðurlandsvegurinn sjálfur.
- Það kom einnig skýrt fram á áðurnefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. auk þeirrar kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við.
 - Foreldrum finnst einnig mikið óöryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggja til að komast til Reykjavíkur.

Kveðja

Elísabet Heiður Jóhannesdóttir og Karl Magnús Bjarnarson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Eva Hafsteinsdóttir <evahaf73@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 21:31
To: Skipulag

Vinsamlega staðfestið móttöku og að eftirfarandi sé fært til bókar.

Foreldrar skólabarna í Waldorfskólanum Lækjarbotnum gera eftirfarandi athugasemdir vegna framkvæmda breikkunar á Suðurlandvegi Fossavellir-Lögbergsbrekka.

- Snjómokstur á vegkafla, aukavegi kringum Tröllabörn. Það er ekki fyrir séð hver taki það að sér að halda veginum opnum né hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafla fái forgang hvað varðar snjóruðning, eins og vegir að öðrum skólum landsins. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað, enda hefur ekki verið leita til skólans, með okkar vitneskju, þar að leitandi.

Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut Suðurlandsvegar og því má gera ráð fyrir mikilli snjósöfnun yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.

- Varðandi almenningssamgöngur; þá er ekki gert ráð fyrir útskotum fyrir strætisvagna, sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerði og Selfoss.

- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin. Á opnum fundi miðvikudaginn 21.sept síðast liðinn kom skýrt fram, frá reiðfólki, mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólastíg og reiðstíg vegna öryggis allra.

- Engin göngu- og hjólastígur á skipulaginu.

Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóla saman í skólann á skólasetningu og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafla hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oft, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Í stefnu umhverfissviðs Kópavogs kemur skýrt fram um uppbyggingu gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningssamgangna séu hafðir að leiðarljósi U.2.2 Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir að uppfylla þá hagsmuni á þessum vegum sem umræðir þ.e. veginum í kring um Tröllabörn né á Suðurlandsvegi.

- Það kom einnig skýrt fram á áður nefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegur ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur. Hér er mikilvægt að benda á að önnur leiðin er um 5 km og það er ótækt að lengja ferð skólabíls sem keyrir yngstu börnin um þann tíma sem það tekur að keyra aukalega þessa 10-12 km, auk þess kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við, sem þvera þyrfti svo þjóðveginn, vegna stærðar ökutækisins, í hinum ýmsu veðrum sem ekki getur talist ákjósanlegt þar sem bilur er oft dimmari þar uppfrá en neðan við Lögbergsbrekku.

- Einnig er það brýnt öryggisatriði, ef slys ber að höndum, að sjúkrabílar þurfi ekki að fara upp að Bláfjalla afleggjara til að komast til Reykjavíkur.

Kær kveðja, Eva Hrönn Hafsteinsdóttir, móðir barns í Waldorfskólanum Lækjarbotnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

From: Eygló Scheving <eygloscheving@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 22:20
To: Skipulag
Subject: Vegna breikkunar suðurlandsvegur og áhrifar á nemendur Waldorf skólans

Góða kvöldið

Sem foreldri barna í Waldorfsskóla í Lækjarbotnum vil ég gera alvarlegar athugasemdir vegna framkvæmda breikkunar á suðurlandsvegi. Svo virðist sem börn, öryggi þeirra og réttur til fullrar menntunar séu ekki tekin alvarlega inn í myndina við skipulagningu þessa svæðis. Það er ótækt að ekki liggi fyrir hvernig eigi að þjónusta þennann veg og tryggja að börn komist hættulaust til og frá skóla. Ég minni á að það eru í gildi lög um skólaskyldu barna í landinu. Samfélaginu ber að tryggja að hægt sé að framfylgja þeirri skyldu fyrir öll börn. Þá er óskiljanlegt ef samþykkja á skipulag sem gæti stefnt börnum í meiri hættu en ella með því að ætlast til að stórar rútur taki snúning við bláfjallaafleggjara þegar ófært er um nýja veginn.

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/sudurlandsvegur-i-kopavogi-og-mosfellsbae?fbclid=IwAR1wHtO3ndoxzox-41gswLCJ5ADs2WQrm5OfpYrykO1-fwqE9xIY-gMixh4>

Ég tek undir eftirfarandi athugasemdir frá öðru foreldri við skólann og bið um staðfestingu á móttöku þessa bréfs.

Foreldrar skólabarna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gera eftirfarandi alvarlegar athugasemdir vegna framkvæmda breikkunar á suðurlandsvegi Fossavellir-Lögbergsbrekka.

- Snjómokstur á vegakafli, aukavegi kring um Tröllabörn. Það er ekki fyrirséð hver taki að sér að halda veginum opnum og hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafli fái forgang í snjóruðningi eins og aðrir skólar. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað enda hefur ekki verið leita til skólans með okkar vitneskju þar að leitandi. Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut suðurlandsvegur og því má gera ráð fyrir mikilli snjósöfnun yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.
- Almenningsamgöngur. Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum vegna strætó sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppistöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerðis og Selfoss.
- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikudaginn 21.sept sl. kom skýrt fram frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólástíg við reiðstíg vegna öryggis allra.
- Engin göngu- og hjólaleið á skipulaginu. Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóli saman í skólann á skólasetningu og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafla hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oft, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt. Í stefnu umhverfisviðs Kópavogs kemur skýrt fram að uppbygging gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningsamganga séu hafðir að leiðarljósi U.2.2 Það er ekki að sjá að það hafi og sé gert ráð fyrir að uppfylla það á þessum vegi sem um ræðir, hvort heldur er vegurinn í kring um Tröllabörn eða suðurlandsvegurinn sjálfur.
- Það kom einnig skýrt fram á áður nefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatnamót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. auk þeirrar kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við.
- Foreldrum finnst einnig mikið óöryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggjara til að komast til Reykjavíkur.

Kveðja
Eygló Scheving

From: Guðrún Darshan <gudrun@andartak.is>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 22:55
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku

Góðan daginn,

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku. Við gerum eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins og það hvaða aðili muni þjónusta veginn og hversu vel því verður sinnt, td hvað varðar mokstur. Þetta er með öllu óviðunandi að svo komnu máli. Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum. Við verðum að játa að við berum ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma. Sérstaklega eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang.
- 2) Því var lýst á kynningarfundum að þó ný hliðarvegurinn yrði ófær yrði "bara" að keyra upp að Bláfjallaafleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn. Vegna stærðar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjallaafleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna. Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu. Önnur leiðin upp að Bláfjallaafleggjara er 5-6 km og er það auk þess sem á undan er talið, ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. Auk þess myndi það hafa í för með sér aukinn kostnað á skólann vegna þess kílómetrafjölda sem myndi bætast við í aðkeyptri akstursþjónustu.
- 3) Sjúkraflutningar frá skólanum
Ef þörf verður á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri (ef aka þarf upp að Bláfjallaafleggjara) í þeim tilfellum þar sem nýr hliðarvegur væri lokaður vegna vöntunar á mokstri.
- 4) Undirgöng gerð fyrir hestafólk en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangnaveggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt og er með öllu óskiljanlegt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?
- 5) Almenningsamgöngur
Það væri eðlilegt að gera ráð fyrir útskotum fyrir strætisvagna sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppistöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerði og Selfossi.
- 6) Ekki er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg í skipulaginu.
Þetta er nokkuð stuttur kafli hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oftár, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Virðingarfyllst,

Guðrún Arnalds
Logi Vígbórsson,
foreldrar í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Hafdis Hrund <hafdis@fargufa.is>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 18:28
To: Skipulag
Subject: Suðurlandsvegur -athugasemdir

Ég sem foreldri í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum vil gera eftirfarandi athugasemdir vegna framkvæmda breikkunar á Suðurlandsvegi, Fossavellir-Lögbergsbrekka.

- Snjómosktur á vegakafla, aukavegi kring um Tröllabörn. Ekki er fyrir séð hver taki að sér að halda veginum opnum eða hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafla fái forgang í snjóruðningi eins vegir að öðrum skólum sveitarfélagsins.
- Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut suðurlandsvegur og því má gera ráð fyrir mikilli snjóasöfnun yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint auk þess er það mjög mikilvægt að Kópavogsbær taki ábyrgð á því að halda þessum vegi opnum.
- Almenningsgöngur. Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum vegna strætó sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerði og Selfoss.
- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikurdaginn 21.sept sl.frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólástíð við reiðstíg vegna öryggis allra.
- Engin göngu- og hjólaleið á skipulaginu. Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóli saman í skólann á skólasetningu og heim við skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafla hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stæto að Rauðavatni og hjólað í skólann sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.
- Það kom einnig skýrt fram á áðurnefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. auk þeirrar kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við.
- Foreldrum finnst einnig mikið öryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggja til að komast til Reykjavíkur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogur, 13.10.2022

Til þess er málið varðar.

Með þessum bréf viljum við, sjálfseignarstofnun Ásmegin í Lækjarbotnum, biðja ykkur um að taka tillit til ábendingannar frá starfsmönnum og foreldrum Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólans Ýl sem ykkur hafa borist varðandi deiliskipulag Suðurlandsvegar sem er í auglýsingu núna.

Á þessum síðustu 30 árum, síðan hópurinn tók við starfseminni á samfélagsþjónustu svæði Lækjarbotna, hefur þróast fjölbreytt og brautryðjandi starf með heildrænni menntun fyrir börn og unglinga, sjálfbærni og náttúruvernd að leiðarljósi. Fjöldi fólks sem ferðast daglega frá og til Lækjarbotna hefur aukast töluvert síðan starfsemin hófst og nær hún í dag langt fyrir utan skólasamfélagið eins og maður getur séð t.d. núna í nóvember, þegar mörg hundruð manns heimsækja svæðið á basar til að njóta menningarstarfsins og náttúru svæðisins.

Ásmegin heldur utan um öflugt samfélag sem er reiðubúið að taka næstu skref í að byggja upp starfsemina á svæðinu en deiliskipulag á veginum og ekki síst svæðinu eru afgerandi fyrir framtíð starfseminnar.

Viljum við biðja ykkur um að hafa starfsemina og ábendingarnar sem upp spretta úr innsýn, reynslu og þörfum þess í huga, þegar kemur að næstum skrefum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Ásmegins
Marie Luise Alf formaður Ásmegins

Guðmundur G. Gunnarsson

From: T A <thelmadoagusts@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 22:50
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku

Kæri viðtakandi,

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem kópavogsbúar, foreldrar barna við skólann og leikskólann ásamt því að vera fyrrverandi nemandi skólans til 8 ára, þar sem ég sat sjálf í þessari rútu daglega, vil ég að þessi ábending verði tekin fyrir.

Lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergsbrekku.

1) Sjúkraflutningar frá skólanum. Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri. Er virkilega verið að ætlast til þess að sjúkrabifreið keyri upp að bláfjöllum og snúi við?

Ég myndi vilja sjá hvort þið hafið lagst yfir þessar breytingar og gert áhættumat? Hvernig var staðið að áhættumati vegna áhættuþátta og aðengi sjúkraflutningabifreiða fyrir skólann?

Það er algjört lágmark að þið komið með staðreyndir frá fagaðilum varðandi þennan punkt og greinargóða lýsingu á því hvernig staðið verður að aðengi verði ávallt í lagi.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan.

Þarna eru börn frá 3ja ára aldri í rútum, bæði er verið að lengja rútuferðina umtalsvert ásamt því að það er hreinlega verið að setja þau í aukna hættu með því að ætlast til þess að 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergsbrekkuna.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu. Svo ég komi aftur að punkti 1 þá er þessi lausn algjörlega fráleit. Ég myndi telja ykkur bera ríkari skylda til að tryggja aðgengi sjúkraflutningabifreiða að skólanum sé í lagi og það er hún augljóslega ekki ef ófært verður.

Svo má líka nefna að þarna leggst aukinn kostnaður á skólann því rúturnar ganga jú fyrir olíu/bensíni og þessi aukning á vegalengd og lenging á deginum hjá rútubílstjórum kostar sitt.

3) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært

hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Hér virðast hagsmunir hestamanna settir fyrir ofan hagsmuni barna og vinnandi fólks, sem hestamaður sjálf er mér misboðið og þá sérstaklega ef punkti 1 er ekki sinnt.

Virðingarfyllt,

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Thorlaug Sæmundsdóttir <thorlaugsæmunds@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 13. október 2022 21:35
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergkku

Góðan daginn

Eftirfarandi er athugasemd vegna vegaframkvæmdar og deiliskipulags við Lögbergskkku. Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts og að hún hafi verið færð til bókar.

Sem foreldrar barna við skólann og aðilar sem hafa ekið heiðina daglega yfir styttri og lengri tímabil lýsum við yfir áhyggjum okkar vegna vegaframkvæmda og deiliskipulags við Lögbergskkku.

1) Óvissa með skilgreiningu nýja vegarins, þjónustu aðila og þjónustustig er með öllu ófært þegar hér er komið við sögu.

Á landinu ríkir skólaskylda og lög er varða mokstur að skólabyggingum.

Eftir allt sem á undan er gengið og þá staðreynd að ekki var hlustað á athugasemdir skólasamfélagsins fyrr en kært hafði verið, í tvígang, er ekki mikið traust til þess að hlutaðeigandi aðilar ætli sér að sinna þessu með sóma.

2) Því var lýst á kynningarfundum að þó nýji hliðarvegurinn yrði ófær yrði bara að keyra upp að Bláfjalla afleggjara þar sem útbúa þarf plan svo 70 manna rúta geti snúið við og síðan þverað veginn en vegna stærar verður að teljast líklegt að hún standi alltaf útá hina akgreinina. Ef skyggni er lélegt getur þetta ekki talist boðlegt en veður og skyggni við Bláfjalla afleggjarann er oft umtalsvert verra en neðan við Lögbergskkku.

Það má gera ráð fyrir að nýja veginum verði lokað óþarflega oft ef ekki á að sinna hreinsun svo vel sé, vegna legu hans í landinu.

3) Sjúkraflutningar frá skólanum

Sé nýr hliðarvegur lokaður vegna vöntunar á mokstri og þörf væri á sjúkraflutningi vegna slyss eða veikinda er áhyggjuefni að akstursleiðin sé þessum mínútum lengri.

4) Undirgöng gerð en ekki gert ráð fyrir gangandi/hjólandi umferð meðfram gangna veggjum. Þetta nær hreinlega ekki nokkurri átt. Er hestamaður í einhverri nefndinni?

Virðingarfyllst,

Þorlaug Sæmundsdóttir
0701834399
Jón Bergþór Egilsson
0309794279

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 13. október 2022

Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulagstillögu Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Hólmsá

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Hólmsá, dagsett 30.06.2022.

Afmörkun deiliskipulagstillögunnar nær frá Hólmsá ofan Kópavogs og austur fyrir Lakaheiði og Fossavelli og að gatnamótun Bláfjallavegar. Svæðisafmörkunin tilheyrir Kópavogi og Mosfellsbæ. Tillagan felur í sér breikkun vegar og tengingar við vegamót með það markmið að auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar. Veitur hafa rýnt deiliskipulagstillöguna með tilliti til áhrifa á innviði og mannvirki Veitna.

Veitur sækja neysluvatn í vatnsból á Heiðmerkursvæðinu sem er dreift til íbúa og fyrirtækja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Veitur benda á að skipulagssvæðið og fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur innan verndarsvæða vatnsbóla skv. vatnsverndarsamþykkt Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) dags. 19. júní 2015, nánar tiltekið innan öryggissvæðis vegna grunnvatns og fjarsvæðis (sjá mynd 1 og vatnsverndarkort, vatnsverndarsamþykkt og greinargerð vatnsverndar á vef SSH: <https://www.ssh.is/vatnsverndin>). Ef mengun nær í vatnsból geta áhrif verið óafturkræf og leitt til takmarkaðrar vatnstöku á svæðinu til frambúðar. Það eru því ríkir hagsmunir Veitna og allra íbúa og fyrirtækja höfuðborgarsvæðisins að tryggja öryggi vatnsverndar.


Í ljósi mikilvægi vatnsverndar vilja Veitur koma eftirfarandi á framfæri:

- Mikilvægt er að hönnun og rekstur vegar innan vatnsverndarsvæða taki í hvívetna tillit til vatnsverndar. Framkvæmdaaðili skal skila áhættumati til heilbrigðisnefndar þeirra sveitarfélaga sem svæðisafmörkunin tilheyrir er nær til framkvæmda og reksturs (47. gr heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015) og leggja Veitur áherslu á að áhættumat sé ítarlegt og vandað.
- Veitur benda á fyrri umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku frá 28. september 2021, þar sem fjallað var um mikilvægi verkundirbúnings og veghönnunar með tilheyrandi mótvægisáðgerðum vegna vatnsverndar (Fylgiskjal A).
- Skýringar vantar á vatnsverndarsvæðisþekjur á myndum 1, 3 og 4 í deiliskipulagstillögu. Á teikningar B103, B102 og B101 sem myndirnar byggja á vantar skýringu fyrir öryggissvæði grunnvatns og tákni fyrir brunnsvæði við Fossvallaklif skv. vatnsverndarsamþykkt SSH dagsett 19. júní 2015. Veitur telja mikilvægt að myndir séu útfærðar þannig að vatnsverndarsvæði og lega þeirra gagnvart skipulagssvæði séu auðgreinanleg en erfitt er að greina á milli tákna (sbr. framsetning á vatnsverndarsvæðum á mynd 1 hér að neðan).
- Nauðsynlegt er að vatnsverndarsamþykkt SSH dagsett 19. júní 2015 verði bætt við þau gögn sem tiltekin eru í neðsta punkti á bls. 11, þar sem listaðar eru upp þær samþykktir sem gilda um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.
- Mikilvægt er að tekið sé fram í kafla 2.1.4. að búið sé að endurskilgreina svæðið og sé það nú bæði fjarsvæði og öryggissvæði vatnsverndar.
- Veitur telja eðlilegra að mynd 6 innihaldi uppfærða þekju af afmörkun vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu og leggja líka til að notast verði við skýrari tákni sbr. athugasemd hér að ofan. Ennfremur er æskilegt að afmörkun skipulagssvæðis sé sýnd á sama korti og afmörkun vatnsverndarsvæða. Veitur benda einnig á að notkun á þessari mynd með staðsetningu olíuleka án þeirra skýringa sem henni fylgdu í skýrslu EFLU frá 2009 sé villandi. Í þessu samhengi líti út fyrir að um raunveruleg tilfelli olíuleka sé að ræða en í raun sé um að ræða staðsetningar valdar með það að markmiði að leggja mat á áhrif olíuslysa.
- Í kafla 4.2.5 um Vatnafar, vatnsverndarsvæði og afrennsli segir „Talið er að lítil hætta sé á vatnsmengun frá breikkun Suðurlandsvegar“ og „Framkvæmdin er því talin hafa óveruleg áhrif á vatnsvernd og





vatnafar“. Veitur vilja benda á að þar sem framkvæmd er innan öryggissvæðis grunnvatns, þar sem efni sem berast í jörð geta mögulega borist í grunnvatn og inn á áhrifasvæði vatnstökustaka, sem og á fjarsvæði vatnsverndar er mikilvægt að halda á lofti þeirri áhættu sem framkvæmdin og aukin umferð um Suðurlandsveg hefur í för með sér á vatnsvernd.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir legu skipulagssvæðisins með tilliti til vatnsverndarsvæða og rafveitulagna.

Rafmagnslagnir eru bæði innan og utan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar samkvæmt deiliskipulagstillögunni (mynd 1). Stefna Veitna er að taka niður loftlínur og setja jarðstrengi í stað þeirra. Veitur óska eftir samstarfi við sveitarfélög Kópavogs og Mosfellsbæjar og Vegagerðina til að finna nýja lagnaleið að mestu utan veghelgunarsvæðis sé þess kostur. Þar til ný lagnaleið og færsla lagna liggur fyrir þarf að tryggja áframhaldandi rekstur allra jarðstrengja og loftlína. Veitur leggja áherslu á að áhrif framkvæmdanna á lagnir og mannvirki Veitna verði haldið í lágmarki eins og kostur er.

Veitur eru reiðubúnar til samstarfs og samráðs vegna deiliskipulagsvinnu og þeirra athugasemda sem hér eru settar fram.

Virðingarfyllt,
f.h. Veitna

Bryndís Björnsdóttir
Sérfræðingur umhverfis- og skipulagsmála



Fylgiskjal A

Umsögn Veitna vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku frá 28. september 2021.



Reykjavík, 28. september 2021

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs,
Digranesvegi 1,
200 Kópavogur

Efni: Umsögn Veitna ohf. vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar framkvæmdina „Breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Umsókn um framkvæmdaleyfi“ dags. 27. maí 2021 og gera eftirfarandi athugasemdir:

Framkvæmdasvæðið er allt innan vatnsverndarsvæðis, nánar tiltekið á fjarsvæði og á öryggissvæði vegna grunnvatns, og er það enn fremur í nágrenni við vatnsból höfuðborgarsvæðisins þar sem Veitur sækja neysluvatn sem er dreift til höfuðborgarbúa. Vatnsveita Veitna í Reykjavík þjónar um 45% þjóðarinnar. Að jafnaði eru rúm 70% af neysluvatni veitunnar sótt á vatnstökusvæði í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Ef mengun leitar í vatnsbólin geta áhrif verið óafturkræf og leitt til mengaðra vatnsbóla og takmarkað vatnstöku á svæðinu til frambúðar. Það eru því ríkir hagsmunir Veitna og allra íbúa höfuðborgarsvæðisins að tryggja öryggi vatnsverndar.

Veitur leggja áherslu mikilvægi þess að fyllsta öryggis sé gætt við uppbyggingu vegarins, að veltung framkvæmdaleyfis sé byggt að ítarlegu mati á mögulegum áhrifum framkvæmdanna og virkni hugsanlegra mótvægisáðgerða sem og að vatnsverndarsjónarmið séu ávallt höfð í forgrunni við uppbyggingu og rekstur vegarins.

Veitur leggja sérstaklega áherslu á þessa þættir þar sem fyrirbyggjandi mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu eru frá árinu 2009 og voru því unnin áður en núverandi vatnsverndarskipulag og Samþykkt verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar (nr. 555/2015)¹ voru samþykkt. Auk þess hafa orðið breytingar í lagaumhverfi² á þessu tímabili og rannsóknir hafa átt sér stað í sambandi við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu á undanföllum árum³.

Mikil vinna hefur farið fram við að uppfæra vatnagrunn svæðisins með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum rannsóknum, borun rannsóknarhóla, sirtun grunnvatnshæðar og endurskoðun reiknilíkana á svæðinu. Enn fremur hafa verið gerðar fjölmargar athuganir vegna mögulegra áhrifa framkvæmda og landnotkunar á vatnatar og vatnsból. Mikilvægt er að horfa til þessara rannsókna til grunnviðmiðunar um aðstæður við Suðurlandsveg. Nýlegt mat á framkvæmdum eins og t.a.m. vegna Lyklafellslínu og uppbyggingu á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg sem og vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði, hefur í öllum tilfellum gengið mun lengra gagnvart mögulegum áhrifum á vatnsbólin en ráð er fyrir gert gagnvart Suðurlandsvegi samkvæmt tillögunni.

¹ Vatnsvernd SSH <https://www.ssh.is/vatnsvermdin>

² Lög nr. 36/2011 um stjóm vatnamála.

³ Áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði. EFLA. 2.2.2017; Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll, áhættumat gagnvart vatnsvernd. Mannvit, desember 2017; Þríhnúkagígur og skíðasvæði í Bláfjöllum. Dreifingsreikningar vegna áhættumats uppbyggingar og starfsemi. Veiðfræðistofan Vatnaskil; Áhættumat starfshóps Kópavogsbæjar vegna Þríhnúkagígs og skíðasvæða, febrúar 2018.



Veitur ohf. • Bæjarhlósi 1 • 110 Reykjavík • Síð 8000 • Sí. 501213-1870 • veitur.is



Í ljósi legu vegarins og þeirrar miklu umferðar sem um hann fer hefði verið ástæða til að ganga enn lengra en í framangreindum dæmum og fá sem besta og skýrasta mynd af mögulegum áhrifum vegarins á vatnsbólin og virkni þeirra mótvægisáðgerða sem valdar verða við útfærslu vegstæðisins og rekstur vegarins.

Veitur telja að skýrar þurfi að koma fram að hvaða leyti vegurinn hefur verið hannaður með hliðsjón af vatnsvernd sem stýðja sem best við viðbragsáðgerðir sem þurfa að vera til staðar ef til slýss kemur á vegstæðinu. Þar á meðal þyrfti skýrar að koma fram hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar af hendi framkvæmdar- og rekstraraðila vegarins, t.d. er hægt að nýta jökluvöningslög sem teiji mengun nægjanlega lengi svo bregðast megi við slýsi og fjarlægja mengun. Enn fremur ber að koma fram hvaða eftirfylgni er áformuð af hendi rekstraraðila vegarins hvað slík viðbrögð varðar.

Veitur lýsa sig reiðubúna að deila af reynslu sinni af mótvægisáðgerðum og framkvæmdum á vatnsverndarsvæðum og að halda umhverfisstund með verktökum áður en framkvæmdum framkvæmdir hefjast, sé þess er óskað.

Hólmfríður Bjarnadóttir

Hólmfríður Bjarnadóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Dagny Osk Asgeirsdóttir <dagnyosk@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 12. október 2022 19:19
To: Skipulag
Subject: Vegna breikkun Suðurlandsvegar við Lögbergsbrekku

Góðan daginn,

b.t. skipulagsdeildar fyrir breikkun Suðurlandsvegar við Lögbergsbrekku.

Ég er með börn í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum og vill leggja inn eftirfarandi athugasemdir vegna breikkun Suðurlandsvegar við afleggjarann að skólanum.

Gerður hefur verið mjór vegur í Lögbergsbrekkunni meðfram aðalveginum þar sem ætlast er til að rútan fari um með börnin okkar.

Snjómokstur, við búum á Íslandi og hér getur snjóað ansi mikið.

- Ekki hefur verið ákveðið hver sér um snjómoksturinn á þessum vegakafli sem ætlaður er fyrir skólann, til að koma börnunum okkar í og úr skólanum. Þannig að ég spyr hver mun sjá um að þessi vegakafli hafi forgang í snjómokstri eins og aðrir skólar á höfuðborgarsvæðinu hafa. Í þessu samhengi vil ég benda á skjal um [reglur vetrarþjónustu á heimasíðu Kópavogsbæjar](#). Þessi vegakafli sem er ætlaður rútnni fyrir börnin liggur hærra en aðalvegur Suðurlandsvegar og gera má því ráð fyrir meiri snjóöfnun þar yfir vetramánuðina.
- Bent hefur verið á að hægt sé að keyra að Bláfjalla-afleggjaranum og snúa þar við ef fyrrnefndur vegakafli að skólanum er lokaður. Skólarúta barnanna er stór og ekkert plan er við Bláfjalla-afleggjarann þar sem stór rúta getur snúið við.
- Annað atriði sem er afar mikilvægt í þessu samhengi er aðkoma sjúkrabíls af slys ber að höndum. Að sjúkrabíll þurfi að fara alla leið að Bláfjalla-afleggjaranum til að snúa við og komast í bæinn með slasað barn á sjúkrahús er afar óábyrgt.

Fram kemur í Stefnu Umhverfissviðs Kópavogsbæjar sem samþykkt var í fyrra um uppbyggingu gatna að lögð verði áhersla á hagsmuni gangandi, hjólandi og notenda almenningssamganga (U.2.2). Einnig að bæta umferðaröryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta, að lögð verði áhersla á öryggismál allra vegfaranda t.d. með endurbættum þverunum við gönguleiðir barna og viðhaldi stíga (U.3.2).

- Ekki er gert ráð fyrir neinum göngu og hjólreiðastígum og engin undirgöng fyrir gangandi vegfarendur eða hjólandi. En samt er hægt að gera reiðstíg og undirgöng undir Suðurlandsveg sem er eingöngu ætlaður fyrir hestafólk.
- Ekki er gert ráð fyrir útskoti þar sem hægt væri að hafa stoppistöð fyrir Strætó á þessu svæði.

Samantekt.

Hér er ekki verið að hugsa um hagsmuni barnanna okkar né öryggi barnanna okkar.

Ekki er verið að hugsa um hagsmuni gangandi, hjólandi og notenda almenningssamganga.

Hestafólk er í meiri forgangi en börnin okkar. Og ég verð að bæta við að ég hef aldrei tekið eftir fólki á hestum þarna í nágrenninu frá því að börnin mín byrjuðu í leikskólanum í Lækjarbotnum árið 2008.

Hvers vegna er ekki hægt að gera undirgöng fyrir bílaumferð að skólanum fyrir betra aðgengi að skólanum eins og hægt er að gera undirgöng fyrir hestafólk?

Hvers vegna er ekki hægt að gera undirgöng fyrir gangandi og hjólandi eins og hægt er að gera undirgöng fyrir hestafólk?

Kær kveðja,
Dagný Ósk Ásgeirsdóttir

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Halldór Halldórsson <bilamalunh@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 12. október 2022 10:40
To: Skipulag
Cc: Sverrir Einarsson; Sprettur; Jón Magnússon
Subject: Deiliskipulag Suðurlandsvegar; Geitháls - Lækjarbotnar

Skipulag Kópavogs

Hestamannafélagið Sprettur lýsir fullum stuðningi við framkomnar aths. Reiðveganefndar SV svæðis við deiliskipulagstillögur Suðurlandsvegar; Geitháls - Lækjarbotnar. Sprettur Reiðveganefnd er aðili að þessari samstarfsnefnd hestamannafélaga á suðvestur svæði og á sinn fulltrúa þar í stjórn.

Halldór H. Halldórsson
Reiðveganefnd Spretts og SV svæðis.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

From: Sonja Bent <sonjabent@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 12. október 2022 13:37
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir og ábendingar vegna breikkunar á Suðurlandsveg Fossavellir-Lögbregsbrekka

Heil og sæl

Foreldrar skólabarna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gera eftirfarandi alvarlegar athugasemdir vegna framkvænda breikkunar á suðurlandvegi Fossavellir-Lögbregsbrekka.

- Snjómosktur á vegakafla, aukavegi kring um Tröllabörn. Það er ekki fyrirser hver taki að sér að halda veginum opnum og hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafla fái forgang í snjóruðningi eins og aðrir skólar. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað enda hefur ekki verið leita til skólans með okkar vitneskju þar að leitandi. Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut suðurlandsvegur og því má gera ráð fyrir mikilli snjóasöfnum yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.

- Almenningsamgöngur. Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum vegna strætó sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerðis og Selfoss.
- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikurdaginn 21.sept sl. kom skýrt fram frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólastíð við reiðstíg vegna öryggis allra.
- Engin gögnu- og hjólaleið á skipulaginu. Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóli saman í skólann á skólasetningu og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafla hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stætó að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oftast, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Í stefnu umhverfissviðs Kópavogs kemur skýrt fram að uppbygging gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningsamgagna séuð hafðir að leiðarljósi U.2.2 Það er ekki að sjá að það hafi og sé gert ráð fyrir að uppfylla það á þessum vegi sem umræðir, hvort heldur er vegurinn í kring um Tröllabörn eða suðurlandsvegurinn sjálfur.

- Það kom einnig skýrt fram á áður nefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. auk þeirrar kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við.
- Foreldrum finnst einnig mikið öryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggja til að komast til Reykjavíkur.

Með vinsemd og virðingu

Sonja Bent

Móðir 2 barna við Waldorfskólann Lækjarbotnum

Kópavogsbær

Skipulagsfulltrúi

Digranesvegi 1

200 Kópavogi.

Efni: Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Lögbergsbrekku.

Hér með sendi ég inn athugasemd vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Lögbergsbrekku. Ég hef unnið að umferðaröryggismálum í fjölda ára og m.a. tekið út megnið af íslenska vegakerfinu á árunum 2006 til 2018, þegar ég var tæknistjóri EuroRAP öryggisúttektarinnar sem unnin var í samvinnu við Félag Íslenskra Bifreiðaeigenda, Samgönguráðuneytisins og fleiri aðila.

Það er orðinn stór ósiður á Íslandi að klára ekki vegagerð strax. Tvöföldun Reykjanesbrautar hófst árið 2000, svo dæmi sé tekið og við erum enn að og langt í land. Reykjanesbrautin er fyrsti 2+2 vegurinn á Íslandi. Þegar tveir fyrstu áfangar Reykjanesbrautar voru gerðir á árunum 2004 til 2008 voru fullkomin mislæg gatnamót gerð samhliða eins og vanalega er gert við slíkar framkvæmdir.

Þegar næstu tvöfaldanir vega voru unnar á Vesturlandsvegi og á Suðurlandsvegi við Sandskeið var slíku hætt og hringtorg gerð í staðin á Vesturlandsvegi og mjög skrítnar útfærslur á vinstri beygjum af vinstri akrein og yfir omferðina á móti útfærð á Suðurlandsveginum. Slíkar útfærslur hef ég hvergi séð erlendis. Áfram var svo haldið á þeirri útfærslu á Suðurlandsvegi milli Hveragerðis og Selfoss sem nú eru í vinnslu. Einu alvöru mislægu gatnamótin sem gerð hafa verið í síðustu árum eru á Reykjanesbraut við Krísvíkurveg í Hafnarfirði. Þessu hálfkákí verður að ljúka.

Nú er verið að undirbúa tvöföldun Suðurlandsvegar við Rauðavatn og það virðist eiga að endurtaka leikinn, með því að halda núverandi hringtorgum í stað mislægra gatnamóta. Því til viðbótar á að gera nýtt hringtorg í stað mjög góðra núverandi gatnamóta við Hafravatnsveg. Nú er sama uppi á teningnum með tveim gatnamótum við Geirland. Gerum ekki sömu mistökin aftur og ítrekað. Fyrstu 2 áfangar Reykjanesbrautar voru með mislægum gatnamótum, en megnið af því sem gert hefur verið síðan á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi hefur verið með hringtorgum og mjög sérstökum gatnamótum í plani, eins og greint var frá hér að framan.

Þegar ákveðið er að tvöfalda veg þýðir það ákveðin grundvallar atriði:

- Tvöföldun vegar þýðir örugga miðjuskiptingu eins og vegrið.
- Minnsta útgáfan er 1+1 en þar fyrir ofan kemur 2+1.
- Ef settar eru tvær akreinar í hvora átt er talað um 2+2.
- 2+2 þýðir ákveðin atriði til viðbótar við tvöföldunina.
- 2+2 þýðir að það þarf að uppfylla atriði eins og breidd, merkingar o.fl.
- 2+2 þýðir að amk. öryggissvæði þurfa að vera beggja vegna eða vegrið.
- 2+2 þýðir að það þurfa að vera lágmarks vegaxlir.
- 2+2 þýðir að öll gatnamót þurfa að vera mislæg.


Ástæða þess að farið er í tvöfaldanir vega eru fyrst og fremst vegna umferðaröryggis, en þar á eftir kemur umferðarflæði og afkastageta vegarins. Umferðaröryggið næst fyrst og fremst með aðgreiningu akstursstefna, öryggissvæða, vegbúnaði og gerð gatnamóta.

Bætt afkastageta og umferðarflæði næst fyrst og fremst með fjölgun akreina, en gerð gatnamóta er hitt lykillatriðið. Erlendis er notuð þumalputtaregla í þessu sambandi. Þegar umferðarmagnið er komið yfir 15.000 bíla á sólagring (ADU) er þörf á 2+1 vegi. Þegar umferðarmagnið fer yfir 20.000 bíla á sólahring er þörf á 2+2 og dugar slíkur vegur upp í c.a. 60.000 ef gatnamótin eru rétt gerð.

Til þess að 2+2 vegur gagnist, skili betra flæði og afköstum, verða öll gatnamót að vera mislæg og skurðarpunktur umferðarstrauma sem fæstir. Því má ná með mismunandi útfærslum, eins og mislægum slaufugatnamótum, brúm, uppbyggðum hringtorgum og öðrum mislægum lausnum eins og "Demanta" gatnamótum sem eru blanda af þessu. Aðalatriðið er að tvöfaldi meginstraumurinn sé í frjálsu flæði og án hindrana. Þannig nást hámarksafköst, mesta öryggið, minnsta mengunin og hagkvæmasta umferðin.

Umferðarmagnið á Suðurlandsvegi frá Vesturlandsvegi og Nesbraut, upp að Sandskeiði er komin í þessa þörf miðað við umferðarmagn og því á að byggja hann sem 2+2 miðað við fulla mislæga útfærslu.

Viðbótarrök fyrir þessu er að hér er um að ræða eina helstu tengingu höfuðborgarsvæðisins við landsbyggðina og hringveginn um Ísland. Þar við bætist sú staðreynd að allt lítur út fyrir að tímabil eldvirkni sé að hefjast á Reykjanesi, sem gæti staðið næstu áratugina ef ekki lengur. Því afar mikilvægt að huga vel að umferðartengingum og flóttaleiðum fyrir suðvestur horn landsins í heild sinni, en um það bil 2/3 þjóðarinnar búa á þessu svæði.



Leitarhraun rann niður allt vegstæði Suðurlandsvegur fyrir um 5000 árum.

Suðurlandsvegur ein helsta flóttaleið höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, ásamt Vesturlandsvegi. Það er því afar mikilvægt og mikilvægara en nokkru sinni fyrr, að allar þessar lykilleiðir sem nú eru 2+2 vegir verði með mislægum útfærslum svo að hægt sé að nýta allar 4 akreinar í frjálsu flæði ef til

rýmingar kemur. Hringtorg verða helstu flöskuhálsarnir ef sú staða kæmi upp og þau draga verulega úr afkastagetu þegar umferð er mikil. Öruggt er að þar yrðu alvarlegar umferðarteppur við rýmingu.

Ég legg því mikla áherslu á að það sé vandað til þessa verks og tvöföldun Suðurlandsvegar kláruð á besta mögulega hátt, þannig að flæðið verði sem best, hámarks öryggi náð og almannavarna hlutverkið sé metið mun hærra en gert hefur verið hingað til.

Ef frekari upplýsinga, hugmynda eða álits er óskað af minni hendi er ég ávalt reiðubúinn til viðræðna um þessi mál. Endilega hefið því bara samband ef þörf er á.

Reykjavík 12. október 2022.


Olafur Kr. Guðmundsson.

Umferðarsérfræðingur.

GSM.: 897.6154

Tölvupóstur: olafurkr@centrum.is

Reiðveganefnd SV svæðis

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæ
Þverholt 2
270 Mosfellsbær
skipulag@mos.is

Skipulagsfulltrúi Kópavogi
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
skipulag@kopavogur.is

Efni: Deiliskipulag Suðurlandsvegur Geitháls – Lækjarbotnar

Reiðveganefnd SV-svæðis, samstarfsnefnd allra hestamannafélaga á suðvestur svæði, gerir eftirfarandi athugasemdir við :

“Deiliskipulag Suðurlandsvegur Geitháls - Lækjarbotnar”

Tengingu vantar fyrir reiðleiðir R100.26 frá Hraunslóð að væntanlegri reiðleið R100.24 Hólmsvegur yfir á reiðleið R400.01 Fossvallaleið norðan við Suðurlandsveg.


Undirritaður gerði árið 2010 tillögu að tengingu reiðleiða undir brúna á Hólmsá, tillagan var þá kynnt Vegagerðinni. Þessi tillaga á alveg eins við í dag í tengslum við breikkun Suðurlandsvegar.

Að öðru leyti er Reiðveganefnd sátt með tillögu að reiðleið norðan og sunnan við Suðurlandsveg til austurs að Fossvöllum.

11.10.2022

Reiðveganefnd SV-svæðis
Sæmundur Eiríksson formaður
Njarðarholt 3 Mosfellsbær
S : 699 7747, klopp@simnet.is

Fylgiskjal: Tillaga að tengingu reiðleiða undir brú á Hólmsá



R100.24 Hólmsvegur
reiðleið á skipulagi

R100.26 Hraunslóð

R400.01 Fossvallaleið



TIL VIÐMIÐUNAR REIÐGÖNG UNDIR SUBURLANDSVEG NEÐAN FJÁRBORGAR.
STÆRÐ Á REIÐGÖNGUM breidd 5.8 m, hæð 4.3 m
SAMKVÆMT REIÐVEGABÓK VR OG LH SKAL RÝMI Í REIÐGÖNGUM VERA MINNST breidd 3.0 m og hæð 3.0 m.



TIL VIÐMIÐUNAR REIÐBRÚ YFIR HÓLMSÁ NEÐAN FJÁRBORGAR.
STÆRÐ Á REIÐBRÚ, breidd 2.60 m, lengd 11.0 m



TIL VIÐMIÐUNAR VEGBRÚ YFIR SUBURÁ Á ÞINGVALLAVEGI, HORFT TIL SUBURS.
REIÐGATA UNDIR BRÚ, breidd 2.65m, hæð undir brúargölf 2.57 m, hæð á kanti 0.4 m,



VEGBRÚ YFIR HÓLMSÁ, HORFT TIL SUBURS. REIÐGATA YRÐI UNDIR BRÚNNI VIÐ EYSTRÍ STÖPUL BRÚARINNAR.
MÆLD HÆÐ 11. okt FRÁ VATNSBORÐI UPP UNDIR BRÚARGÖLF 3.0 m, SEM GEFUR VATNSHÆÐ Í ÁNNI 1.30 m.
SAMKVÆMT RENNSLMÆLINGUM Í HÓLMSÁ ER MEDALRENNSLI 2.15 m³/sek SEM GEFUR VATNSHÆÐ 1.42 m.
LAGT TIL AD REIÐGATA VERÐI SETT Í HÆÐ 1.60 m, ÞAÐ GEFUR HÆÐ UNDIR BRÚARGÖLF 2.70 m.

NR.	DAGS.	BREYTING
-----	-------	----------

SKÝRINGAR

Á UPPDRÆTTINUM HÉR TIL HLIDAR ERU TILLÖGUR AD TENGINGUM REIÐLEIDA FRÁ HEIÐMÖRK TIL VESTURS AD RAUÐHÓLUM OG FÁKSSVÆÐI. TIL NORÐURS MED HAFRAVATNSVEGI AD ÞJÓNUSTUVEGI MED HEITAVATNSLÖGN FRÁ HELLSIHEIDI OG ÁFRAM TIL NORÐURS AD REIÐLEIDUM VID HAFRAVATN OG Á MOSFELLSHEIDI.

TVÆR TILLÖGUR ERU GERÐAR AD TENGINGU UNDIR SUBURLANDSVEG. ÁNNARS VEGAR REIÐGATA UNDIR BRÚNA YFIR HÓLMSÁ VIÐ EYSTRÍ STÖPUL BRÚARINNAR OG SÍÐAN REIÐBRÚ YFIR ÁNA AÐEINS NORÐAR. HINSVEGAR ER GERÐ TILLAGA AD REIÐGÖNGUM UNDIR SUBURLANDSVEGINN UM 300 m VESTAN VIÐ BRÚNA YFIR HÓLMSÁ.

SÆMUNDUR EIRÍKSSON 261249-2949

HEIÐMÖRK-HÓLMSÁ

REYKJAVÍK-MOSFELLSBÆR



KLÖPP ARKITEKTAR-VERKFRÆÐINGAR EHF
NETHYL 2E, PÓSTHÓLF 10050, 130 REYKJAVÍK
SÍMI 577 2277, 699 7747 - klopp@simnet.is

HEITI TEIKN.	HEIÐMÖRK-HÓLMSÁ TILLAGA AD TENGINGU REIÐLEIDA		
MÆLIKVARÐI	_____	DAGS.	OKT 2010
TEIKNING	T 001	VERK	V 10-105
BREYTING	_____	YFIRFARIÐ	S.E.

Góðan dag

Til þeirra er málið varðar

Við undirritaðar, leikskólakennarar og annað starfsfólk við Waldorfleikskólann Yl, höfum eftirfarandi ábendingar og athugasemdir við tillögu Kópavogsbæjar á breikkun Suðurlandsvegar, eða nánar tiltekið við framkvæmd hliðarvegsins sem verið er að gera að Waldorfleikskólanum Yl í Lækjarbotnum og Waldorfskólanum Lækjarbotnum.

Athugasemd 1

Í deiliskipulagstillögunni kemur hvergi fram hver taki að sér að ryðja hliðarveginn, eða fjórðu tenginguna að Waldorfleikskólanum Yl (og grunnskólanum hér), að vetri til. Afar mikilvægt er að þetta verði ákveðið strax. Hér getur orðið snjópungt. Umrætt skipulagssvæði er innan sveitarfélagsmarka Kópavogs og förum við því fram á að Kópavogsbær taki að sér moksturinn hér, eins og annarstaðar í Kópavogi þar sem skólar eru.

Athugasemd 2 og ábending

Ef snjóruðningi er ekki sinnt þyrfti að keyra upp að Bláfjallaafleggjara. Sem er óásættanlegt hvernig sem lítið er á það. Ekki síst í ljósi þess að verið er að gera veg sérstaklega upp að skólunum. Einnig:

- Ábending: Helligsheiðin er stundum ófær að vetrum en þó fært að Lækjarbotnum. Ef veginum yrði lokað við við Lækjarbotnaafleggjarann í stað hringtorgsins við Norðlingavað væri hægt að komast í báða skólana (og að fleiri stofnunum svo sem fangelsinu á Hólmsheiði). En ef vegurinn að skólunum er ekki fær gengur þetta ekki upp fyrir þá. Sem þýðir að þeim þarf að loka/fresta opnunartíma þrátt fyrir að veðrið sé í lagi.
- Við neitum að trúa því að Kópavogsbær ætli sér að bjóða litlum leikskólabörnum að taka auka rúnt upp að Bláfjallaafleggjara í snjóþyngslum af því ekki er búið að ryðja veginn að skólunum. Aukin áhætta fylgir þessu og ef eitthvað kæmi fyrir þyrftu sjúkrabílar að fara lengri leið ef slys ber að höndum. Öryggi barna og starfsfólks yrði ekki tryggt. Aðgengi að skólanum þarf að vera tryggt fyrir þá sem þar vinna og nema!

Athugasemd 3

Við gerum athugasemd við að ekki var hugsað fyrst um gangandi og hjólandi vegfarendur á undan hestafólki. Það finnst okkur undarleg forgangsroðun. Við sjáum að þetta stendur til í framtíðinni og er það vel. Það hefði þó mátt ganga fyrir að huga að gangandi og hjólandi í kringum skólana fyrst. Við erum hér með hrausta unglinga sem geta fundið til að hjóla í skólann.

Athugasemd 4

Við gerum athugasemd við að ekkert er hugsað fyrir strætóferðum nálægt grunnskólanum hér. Aftur, þetta finnst okkur undarleg forgangsroðun.

Að lokum: Það mætti halda að starfsemin í skólunum á Lækjarbotnum sé hálf ósýnileg hjá Kópavogsbæ. Það er synd. Fjölbreytni í skólastarfi er öllum í hag. Skipulagsaðilar að þessu stóra vegaverkefni ættu að kynna sér starfssemina hér. Þó ekki nema væri að funda með Menntasviði. Þar þekkir fólk til okkar og ber mikla virðingu fyrir starfinu okkar hér. Hér fá börnin að læra og vinna í nánnum tengslum við náttúruna. Við erum starfsemi sem hefur unnið til verðlauna, höfum fengið verðlaun fyrir grænmetisgarðana okkar sem öll börn við skólann sinna og nú síðast foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir vinnudagana okkar sem unnar eru í samvinnu við foreldra hér. Einnig fyrir gróðursetningu platna á skólasetningu, sem er fastur viðburður hjá skólanum. Það væri gaman að upplifa Kópavogsbæ greiða götu skólalífsins hér. Við vitum að það kostar. En peningar eru ekki allt.

Með vinsemd og virðingu;

Ingibjörg Ósk Sigurjónsdóttir leikskólastýra og waldorfkennari

Edda Johnsen waldorfleikskólakennari

Auður Eysteinsdóttir kennari

Þórlaug Sæmundsdóttir starfsmaður

Anna Lís Jónsdóttir starfsmaður og leikskólakennaranemi

Kópavogur 13.10.2022

Góðan dag.

Til þeirra er málið varðar.

Við foreldrar á Yl styðjum þessar athugasemdir og ábendingar sem starfsfólk leikskólans færir í sínu bréfi og vonum að hagsmunir og öryggi barnanna okkar verði teknir alvarlega í áframhaldi framkvæmdarinnar.

Sonja Bent

Ilmur Sól Eiríksdóttir

Heiðrún Sara Ómarsdóttir

Jón Anton Bergsson

Kolbrún Guðmundsdóttir

Salbjörg Ýr Guðjónsdóttir

Thelma Dögg Ágústsdóttir

Hjalti Halldórsson

Steinunn Saga Guðjónsdóttir

Guðjón Hrafn Guðmunsson

Ásgeir Kári Ómarsson

Tomoko Mori

Sveinn Dagbjartur Sigurðsson

Aníta Steinunn Dagnýjardóttir

Matthías Leó Árnason

Júlía Dalrós

Tómas Eldjárn Vilhjálmsson

Marie Luise Alf

Helgi Rúnar Heiðarsson

Rut Karlsdóttir

Þóra Björg Sigurðardóttir

Björk Bjarnadóttir
Claudia Breitsprecher
María Carrasco
Ívar Zophanías Sigurðsson
Gabríel Sveinn Eymundsson
Mia María Westring

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Brynhildur Stefánsdóttir <brynhildur79@hotmail.com>
Sent: sunnudagur, 9. október 2022 19:43
To: Skipulag
Subject: Athugasemd vegna breikkun á Suðurlandsvegi Fossavellir- Lögbergsbrekka

Þess er óskað að athugasemdir þessar verði skráðar á þar til gert verkefni og verði gerðar opinberar.

Athugasemdir og ábendingar vegna breikkunar á Suðurlandsveg Fossavellir-Lögbregsbrekka

Sent á skipulag@kopavogur.is innan tímaramma kynningartíma fyrir kl. 13 föstudaginn 14. Október samkvæmt heimasíðu Kópavogs.

Foreldrar skólabarna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum gera eftirfarandi alvarlegar athugasemdir vegna framkvæmda breikkunar á suðurlandvegi Fossavellir-Lögbregsbrekka.

- Snjómosktur á vegakafli, aukavegi kring um Tröllabörn. Það er ekki fyrirser hver taki að sér að halda veginum opnum og hver ber ábyrgð á því að þessi vegakafli fái forgang í snjóruðningi eins og aðrir skólar. Waldorfskólinn getur ekki tekið á sig þennan kostnað enda hefur ekki verið leita til skólans með okkar vitneskju þar að leitandi. Vegakaflinn liggur töluvert hærra en aðalbraut suðurlandsvegur og því má gera ráð fyrir mikilli snjóáasöfnum yfir vetrartímann. Það er ótækt fyrir skólasamfélagið að þetta sé ekki komið á hreint.
- Almenningsgöngur. Að ekki skuli gert ráð fyrir útskotum vegna strætó sem í framtíðinni gætu hugsað sér að bæta við stoppustöð við Lækjarbotna á leið sinni til og frá Hveragerðis og Selfoss.
- Reiðgata án tillits til gangandi umferðar. Það er vítavert hugsunarleysi að gera ekki ráð fyrir gangandi umferð um undirgöngin, eins og fram kom á opnum fundi miðvikurdaginn 21.sept sl. kom skýrt fram frá reiðfólki mikilvægi þess að aðgreina göngu/hjólaleið við reiðstíg vegna öryggis allra.
- Engin gögnu- og hjólaleið á skipulaginu. Það er hefð fyrir því að nemendur eldri bekkja sameinist við Rauðavatn og hjóli saman í skólann á skólasetningu og skólaslit. Því miður er þetta ennþá nokkuð hættuleg leið þar sem engir stígar eru á þessum kafla. Þetta er nokkuð stuttur kafli hvort heldur er fyrir hjól/rafskútur og gætu nemendur hæglega tekið stætó að Rauðavatni og þannig hjólað í skólann mun oftar, sem er bæði heilsusamlegt og umhverfisvænt.

Í stefnu umhverfissviðs Kópavogs kemur skýrt fram að uppbygging gatna: að hagsmunir gangandi, hjólandi og notenda almenningsamgagna séuð hafðir að leiðarljósi U.2.2 Það er ekki að sjá að það hafi og sé gert ráð fyrir að uppfylla það á þessum vegi sem umræðir, hvort heldur er vegurinn í kring um Tröllabörn eða suðurlandsvegurinn sjálfur. Aukinheldur er Kópavogsbær aðili að verkefninu græni trefillinn og ekki er að sjá að það verkefni hafi heldur fengið rými í þessari framkvæmd.

- Það kom einnig skýrt fram á áður nefndum opnum fundi að verði Tröllabarnavegurinn ófær verði hægt að keyra upp að Bláfjalla afleggjara og nota þar mislæg gatanmót til að komast til Reykjavíkur önnur leiðin er 5-6 km og er það ótækt að lengja ferð í skólabíl yngstu barnanna um þann tíma og þessa 10-12 km alls. auk þeirrar kostnaðar sem fellur á skólann vegna aukinna ekna km í aðkeyptri akstursþjónustu. Þar að auki er ekki plan eða annað þar sem stærstu rútur (sem eru þær rútur sem Waldorfskólinn notar) geti snúið við.

- Foreldrum finnst einnig mikið óöryggi sérstaklega yfir vetrartímann ef slys ber að höndum að sjúkrabílar þurfi að fara upp að Bláfjallaafleggja til að komast til Reykjavíkur.

Virðingafyllst

Brynhildur Stefánsdóttir og Heiðar Heiðarsson
foreldrar barna í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 6. október 2022
Tilvísun: 2022090195/10.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Vísað er til bréfs skipulagsdeildar Kópavogsbæjar þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ. HER hefur kynnt sér tillöguna og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja að benda á mikilvægi þess að horft sé til þess að deiliskipulagssvæðið liggur að hluta innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og að við breikkun Suðurlandsvegar þar séu sett ströng skilyrði til að tryggja vatnsvernd, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma vegarins. Styðjast verður við nýjustu gögn og rannsóknir varðandi vatnsverndarsvæðið, grunnvatnsstrauma og nýjustu aðferðir til að koma í veg fyrir mengun. Deiliskipulagið byggir á umhverfismati frá 2009 þar sem vitnað er í brottfallna samþykkt um vatnsvernd frá 1997 og þá svæðaskiptingu sem var til staðar samkvæmt henni. Síðan þá er búið að uppfæra rennislíkan fyrir vatnsverndarsvæðið og gefa út nýja samþykkt nr. 550/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem tilgreinir nýja svæðisskiptingu sem byggir á því líkani. Núgildandi kort af vatnsverndarsvæðinu sýnir svæðaskiptingu miðað við þá samþykkt. HER telur að meta hefði átt umhverfisáhrif breikkunar Suðurlandsvegar á vatnsverndarsvæðið miðað við uppfært rennislíkan.


Í kafla 3.6. um vatnsvernd í greinargerð með tillögunni kemur fram að deiliskipulagið hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæði og vísað til umhverfismatsins frá 2009 þar sem eins og áður segir er byggt á úreltum gögnum um vatnsverndarsvæðið. Mynd 6 á bls. 18 sýnir m.a. eldri skiptingu vatnsverndarsvæðisins í stað þess að sýna svæðaskiptinguna eins og hún er í dag. Þegar skoðaðir eru uppdráttirnir þrír sem fylgja tillögunni virðist afmörkun vatnsverndarsvæða ekki vera í samræmi við gildandi vatnsverndarkort, ef miðað er við skýringar á afmörkun svæða. Að mati HER þarf að fara yfir greinargerð og uppdrátti og setja inn réttar upplýsingar miðað við núgildandi vatnsverndarkort og vatnsverndarsamþykkt enda mikilvægt að þessar upplýsingar séu rétt fram settar. Í kafla 3.6. virðist rétt vísað til þeirra svæða sem farið er í gegnum skv. aðalskipulagi Kópavogs en mjög misvísandi er þegar stór hluti umfjöllunarinnar um vatnsvernd er ekki réttur miðað við núverandi stöðu.



Í kafla 4.2.5. um vatnafar, vatnsverndarsvæði og afrennsli í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið fari inn á fjarsvæði, grannsvæði og öryggissvæði vegna grunnvatns. Engu að síður er aðeins fjallað um skilgreiningar á öryggissvæðum skv. samþykkt nr. 555/2015, ekki önnur svæði. Þá eru ekki tilgreind þau skilyrði sem samþykktin setur varðandi þessi svæði. Laga þarf þessa umfjöllun. Í kaflanum er aftur ítrekað að lítil hætta sé talin á vatnsmengun frá breikkun Suðurlandsvegar. Í samantektartöflu í kafla 4.3. greinargerðarinnar er tilgreint varðandi umhverfispáttinn afrennsli og vatnafar að ekki séu fyrirhugaðar neinar sérstakar mótvægisáðgerðir. HER bendir á að ekki liggur fyrir áhættumat vegna fyrirhugaðrar breikkunar. Ljóst er að mengunarhætta er á framkvæmdatíma þar sem verið er að nota stórvirkar vinnuvélar sem eru með mikið magn af olíu, auk þess sem mögulega verða neysluolíugeymar inni á svæðinu. Einnig er mengunarhætta af vegnum á rekstartíma þó svo aukið umferðaröryggi að framkvæmd lokinni eigi að draga úr hættu á óhöppum. Því leggur HER áherslu á að tilgreint sé í skipulagsskilmálum að mengunarvarnir skuli vera til staðar í vegöxlum þar sem vegurinn fer um vatnsverndarsvæðið. Miða skal við að nota efni sem hefur sýnt sig að virka best til að koma í veg fyrir að mengun nái niður í grunnvatn og auðvelt sé að hreinsa við óhöpp. Við breikkun Suðurlandsvegar gefst tækifæri til að gera veginn þannig úr garði að hann hafi sem minnsta áhættu í för með sér fyrir öryggi vatnsverndar og telur HER að nýta eigi það tækifæri til hins ítrasta enda verndun vatnsauðlindarinnar sem sér 62% íbúa landsins fyrir neysluvatni í hæsta gæðaflokki, með mikilvægari verkefnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem og skylda framkvæmdaaðila að taka fullt tilliti til.

HER leggur ríka áherslu á að við framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar verði umferð ekki beint um hjáleið inn á vatnsverndarsvæðið og þarf það að koma fram í skipulagsskilmálum. Slíkt myndi margfalda áhættu fyrir vatnsvernd.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 4. október 2022
Tilvísun: K-17961

Sent á netfangið skipulag@kopavogur.is
skipulag@mosfellsbaer.is

Efni:

**Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ
Frá Geithálsi í Mosfellsbæ austur fyrir Lögbergsbrekku í Kópavogi**

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var þann 3. október 2022 var tekin til umsagnar erindi frá skipulaginu í Kópavogi og skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um; *tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ*. Um er að ræða 5,6 km. af legu Suðurlandsvegar frá Geithálsi vestan Hólmsár að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegar ofan Lögbergsbrekku.

Með erindinu fylgdi greinargerð deiliskipulags dagsett 30.06.2022 unnin af Eflu verkfræðistofu fyrir Kópavog, Mosfellsbæ og Vegagerðina. Uppdrættir er sýna legu vegar og matsskýrslan *Suðurlandsvegur frá Hólmsá að Hveragerði* frá 2009. Skipulagsstofnun samþykkti í september 2021 að breytingar á útfærslu vegar og gerð hliðarvega kallaði ekki á frekara umhverfismat.

Áformuð vegagerð er öll á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði og á öryggissvæði). Vegagerð og aðrar framkvæmdir eru leyfisskyldar hjá heilbrigðisnefnd sbr. ákvæði í samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomna skipulagstillögu. Nefndin minnir þó á að vegna ríkra vatnsverndarsjónarmiða og vegna öryggis neysluvatnsöflunar þarf að huga vel að allri hönnun og skipulagi framkvæmdar. Áformaðar framkvæmdir eru leyfisskyldar hjá heilbrigðisnefnd að undangengnu áhættumati.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá greinargerð samhliða umsögn nefndarinnar þar sem fjallað skuli nánar um leyfismál og skilyrði til að tryggja nægar mengunarvarnir og öryggi og með hliðsjón af umræðum í heilbrigðisnefnd.

Greinargerð.

Vegagerð á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins er leyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd samkvæmt ákvæðum samþykktar 555/2015, sjá m.a. úr grein 56. „Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs“.

Ákvæðið nær til framkvæmdarinnar sjálfrar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Í tengslum við áhættumat og áður en það er unnið óskar heilbrigðiseftirlitið eftir kynningu á útfærslu vegar með tilliti til mengunarvarna.

Á fundi framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (gr. 7 í samþykkt 555/2015) sem haldinn var 28. september sl. var eftirfarandi bókun gerð er varðar umferð um Heiðmörk:

„ Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu ítrekar fyrri varnarorð vegna aðgæslu á vatnsverndarsvæðinu á framkvæmdatíma og ítrekar að ekki megi nota Heiðmörk sem hjáleik þannig sé að aukinni umferð sé beint inn á vatnsverndarsvæðið en þegar er. Finna þurfi aðrar lausnir á því.“

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi